

## KÚRT Í KULDANUM

Rómantísk næturgisting í aðdraganda jóla



FERÐALÖG Í MIÐJU BLAÐSINS

Dramatískt jafntefli í Drammen

## LOGI GEIRSSON SKORAÐI PRETTÁN MÖRK



17

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

2. nóvember 2008 – 300. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

### SUNNUDAGUR




#### HETJA SEM VEIT HVER ILLMENNIN ERU

Daniel Craig talar um James Bond, kæstan hákarl, sem hann smakkaði við Jökulsárlón, og hatrammar deilur Breta og Íslendinga.

VIÐTAL 12

#### VEÐRIÐ Í DAG



**VÍÐAST ÚRKOMA** í dag verða SA- 5-13 m/s en SV-lægari síðdegis. Rigning sunnan til og vestan. Slydda eða rigning norðan og austan til síðar í dag. Hiti víðast 3-10 stig, þegar kemur fram á daginn.

VEÐUR 4

## Samfylking bókar að Davíð starfi ekki í hennar umboði

Ráðherrar Samfylkingarinnar lögðu fram bókun á ríkisstjórnarfundum þar sem þeir segja Davíð Oddsson, formann stjórnar Seðlabankans, alfarið starfa í umboði Sjálfstæðisflokksins. Sjaldgæft að bókanir séu lagðar fram í ríkisstjórn. Ber vitni um alvarlegan ágreining, segir Sigurður Líndal lagaprófessor.

**STJÓRN MÁL** Davíð Oddsson er alfarið í umboði Sjálfstæðisflokksins í embætti seðlabankastjóra. Samfylkingin styður hann ekki í því embætti. Þetta létu ráðherrar Samfylkingarinnar nýverið bóka á ríkisstjórnarfundum samkvæm heimildum Fréttablaðsins. Sjaldgæft er að bókanir séu lagðar fram á ríkisstjórnarfundum. Sigurður Líndal lagaprófessor segir bókun sem þessa afar sérstaka og bera vitni um alvarlegan

ágreining. Þegar slíkur ágreiningur sé uppi sé undarlegt að fólk sætti sig við slíka stöðu án þess að krefjast breytinga.

Mikill styr hefur staðið um störf Davíðs Oddssonar síðustu vikur. Í Morgunblaðinu í gær sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, að það hafi skaðað orðspor Íslendinga erlendis hvernig haldið hafi verið á umræðunni af hálfu Davíðs Oddssonar, formanns banka-

stjórnar Seðlabankans. Hún sagði ýmsar aðgerðir og yfirlýsingar stjórnar bankans á síðustu dögum og vikum orka mjög tvímælis. „Í þeirri viðkvæmu stöðu sem þjóðin er í núna getur það ekki gengið til lengdar,“ sagði Ingibjörg Sólrún.

Óssur Skarphéðinsson vildi ekki tjá sig um bókunina þegar Fréttablaðið leitaði til hans í gær. „Ég hef það að meginreglu að ræða það ekki sem ráðherrum

fer á milli á ríkisstjórnarfundum,“ sagði Óssur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talsverð óánægja með störf Davíðs innan raða sjálfstæðismanna. Í Fréttablaðinu í gær minnti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, á að hún hefði sagt að Seðlabankinn hefði gert mistök þegar hann leyfði bönkunum ekki að gera upp í evrum.

- kdk/po



**ENN MÓTMÆLT Á AUSTURVELLI** „Ekki meir Geir,“ hrópaði mannfjöldinn á Austurvelli í gær. Fjöldmenni var á svæðinu og létu Eyjólfur Eyvindarson rappari og Hallgrímur Helgason rithöfundur sig ekki vanta. Forsprakkar mótmælanna eru hvergi nærri hættir og segja fleiri mótmælafundi fyrirhugaða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mótmæli í miðbænum:

## Á annað þúsund mótmæltu

**MÓTMÆLI** Á annað þúsund manns gengu frá Hlemmi niður á Austurvöll í gær til að mótmæla ástandinu í efnahagsmálum. Fjórir vörubílar fóru á undan og beyttu lúðra.

Þetta er í þriðja sinn sem mótmælin fara fram en þau voru þó með öðru sniði en áður. Fjórir ræðumenn töluðu á fundinum á Austurvelli. Óskar Ástþórsson leikskólakennari frá Kennarasambandinu, Sturla Jónsson vörubílstjóri, Pétur Tyrtingsson sálfræðingur og Lárus Páll Birgisson sjúkraliði.

Kolfína Baldvinsdóttir, einn skipuleggjanda mótmælanna segir þjóðina ekki treysta ríkisstjórninni lengur né seðlabankastjórn. Fólk vilji þær frá og frekari mótmæli séu fyrirhuguð. „Við hættem ekki fyrr en skilaboðin komast til skila,“ segir Kolfína. Til stendur að endurtaka leikinn næsta laugardag.

- rat

Rúnar Halldórsson, annar bræðranna úr The Boys snýr aftur á nýjum vettvangi:

## Teiknar skýjakljúf í Kaupmannahöfn


**FÓLK** Rúnar og Arnar Halldórssynir skipuðu barnadúettinn The Boys fyrir meira en áratug. Nú er poppið í aftursætinu hjá bræðrunum og þeir nema ný lönd.

Á föstudaginn var tilkynnt með viðhöfn um úrslit í einni stærstu arkitektasamkeppni sögunnar í Danmörku. Rúnar er í sigurlíði arkitektarstofu Stevens Holls í New York, sem hannaði tvo skýjakljúfa sem munu rísa á Nordhavn og verða eins konar hlið að Kaupmannahöfn. „Við unnum fimm saman að þessu á stofunni en Steven Holl gekk svo sjálfur frá verkinu,

eins og vaninn er,“ segir Rúnar. „Steven Holl er einn af frægustu arkitektum heims í dag og ég fór á stofuna hans í verknám eftir að ég hafði verið í skóla í Danmörku. Eftir verknámið réði hann mig í vinnu og ég er búinn að vera hér í ár.“

Vinningstillaga Rúnars og félaga verður hæsta íveru-byggingin í Danmörku, stærri turninn 113 metrar og 27 hæðir. Byggingarnar munu standa hvor sínu megin við hafnarmynnið og göngubrú í 65 metra hæð verður á milli þeirra.

- drg / sjá síðu 22



Okkar **stærsta** hugmynd er lægsta verðið

www.IKEA.is

Opið 13-18

Kringlan





Geiri, tryggir þetta okkur lánið?

„Pottþétt. Nú erum við með Pútín í vasanum.“

Ásgeir Davíðsson veitingamaður, betur þekktur sem Geiri á Goldfinger, bauð fjórtíu rússneskum sjómönnum í mat en þeir eru strandglópar á Íslandi og fá ekki launin sín frá Rússlandi.

Árdegi í björgunarleiðangri:

## BT var lokað um helgina

**VERSLUN** Allar verslanir BT voru lokaðar um helgina og óvíst hvort þær opni aftur. Engum hefur verið sagt upp að sögn Sverris Berg Steinarssonar eiganda Árdegis ehf. sem rekur verslanir BT. Hann segir nú unnið allan sólarhringinn við að leita lausna til bjargar rekstri þeirra fyrirtækja sem tengjast Árdegi en það eru, auk BT, verslunin Next og Noa Noa.

„Við kláruðum sölu á Skífunni á föstudag og erum að vinna að lausnum fyrir BT en það er ekkert komið á hreint hvort við þurfum að loka einhverjum verslananna alveg.“

Lausn á efnahagsvanda:

## Finnar fundu leið úr kreppu

**EFNAHAGSMÁL** Sú leið sem Finnar notuðu út úr efnahagsvanda sem gekk yfir þjóðina á níunda áratugnum gæti gagnast Íslendingum nú.

Stefán Ólafsson prófessor við Háskóla Íslands hefur rannsakað finnsku leiðina og flytur um það erindi á opnum borgarafundi framtíðarhóps Samfylkingarinnar í Iðnó í dag klukkan 15.

Finnar endurskipulögðu samfélagið í heild sinni og standa nú meðal þeirra þjóða sem sterkastar eru í alþjóðlegri samkeppnishæfni og lífsgæðum.

### LÖGREGLUMÁL

#### Ölvið á vesturlandsvegi

Lögreglan í Borgarnesi tók unga konu fyrir ölvunarakstur á Vesturlandsvegi aðfaranótt laugardags og reyndist konan mjög ölvið.

Þrjár rjúpnaskyttur slasaðust á veiðum í gær þar af einn drengur alvarlega:

## Féll tíu metra fram af kletti

**SLYS** Tíu ára drengur slasaðist talsvert þegar hann féll fram af klettabrún um átta til tíu metra ofan í urð í gærdeg.

Drengurinn var á veiðum með föður sínum í Svínadal í Reyðarfirði. Drengurinn var fluttur frá Egilsstöðum með sjúkraflugi til Reykjavíkur.

Önnur rjúpnaskytta slasaðist einnig töluvert þegar hún hrpaði í hlíð við Hafursstaði í Hnappadal seinni partinn í gær. Björgunarsveitin Elliði fór á slysstað en þyrta Landhelgisgæslunnar sótti hinn slasaða.

Þyrlan fór svo eftir þriðju rjúpnaskyttunni sem slasaðist í gær en þá fótbrotnaði maður illa í Sanddalstungu í Norðurárdal.

- rat

**Í NÓGU AÐ SNÚAST** Þyrta Landhelgisgæslunnar hafði í nógu að snúast í gær enda rjúpnaveiðitímabilið hafði.



## Búast við að afleiddum störfum fækki

Húsvíkingar óttast að störfum á svæðinu fækki nú þegar undirbúningi álvers á Bakka hefur verið frestað. Umhverfisráðherra segir fráleitt að ákvörðun hennar um heildstætt umhverfismat hafi orðið til þess að seinka verkefninu.

**ATVINNULÍF** „Hljóðið í bæjarbúum er ansi þungt,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður verkalýðsfélags Húsvíkinga. Undirbúningi nýs álvers á Bakka hefur verið frestað í ljósi efnahagsaðstæðna og viljayfirlýsing milli Alcoa og Landsvirkjunar um rannsóknarboranir var ekki endurnýjuð um mánaðamót.

„Vissulega vorum við hrædd um að þetta gæti gerst en engu að síður eru þetta gífurleg vonbrigði. Menn hafa verulegar áhyggjur af atvinnuástandinu, sérstaklega iðnaðarmenn sem sjá fram á erfiðan vetur og undirverktakar sem hafa verið að þjónusta Jarðboranir hf.,“ segir Aðalsteinn en boranir á Þeistareykjum og við Kröflu hafa verið slegnar af.

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, segir að tugir manna starfi við undirbúning álversframkvæmdanna. „Það er enginn vafi á því að einhverjir munu missa vinnuna. Við höfum haft miklar væntingar til þessara framkvæmda og mörg störf hafa skapast í kringum undirbúninginn á síðustu misserum bæði fyrir verkafólk, iðnaðarmenn og alls kyns fagfólk. Það er ekkert launungamál að við höfum sett mesta okkar orku og fjármuni í þetta verkefni því það er mjög atvinnuskapandi. Við erum í erfiðri stöðu núna en gerum bara eins og önnur sveitarfélög og metum okkar burði til að fjármagna önnur verkefni og halda hjólunum gangandi,“ segir Bergur sem efast þó ekki um að allt fari vel að lokum.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, iðna-



**ÞEISTAREYKJIR** Rannsóknarboranir fyrir fjóra milljaðra króna voru fyrirhugaðar á næsta ári við Kröflu og á Þeistareykjum.



**AÐALSTEINN BALDURSSON**



**BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON**



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**

aðarráðherra, ákvað í sumar að heildstætt mat skyldi fara fram á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka. Bergur og Aðalsteinn eru sammála um að staðan væri önnur nú hefði úrskurður skipulagsstofnunar um að sameiginlegt mat skyldi ekki fara fram verið látinn standa.

„Þórunn ber töluverða ábyrgð á því hvernig staðan er hjá okkur núna. Ákvörðun hennar varð til þess að allt tafðist,“ segir Aðal-

steinn. Þessu vísar Þórunn á bug og bendir á að Landsvirkjun, Þeistareykir ehf. og Alcoa hafi gefið yfirlýsingu um frestun undirbúnings vegna aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamarkaði. „Þetta er ákvörðun þessara þriggja fyrirtækja og hefur ekkert með umhverfismat að gera. Allar fullyrðingar um annað eru fráleitar og úr lausu lofti gripnar,“ segir Þórunn.

thorgunnur@frettabladid.is

Ökuleyfisaldur hækki:

## Bílprófið 18 ára

**UMFERÐIN** Rannsóknarnefnd umferðarslysa fer fram á að ökuleyfisaldur verði hækkaður í 18 ár. Umferðarlög eru nú í endurskoðun og vill rannsóknarnefndin að auk hækkunar ökuleyfisaldurs verði settar takmarkanir á réttindi ökumanna með bráðabirgðaskírteini, til dæmis á afl bíla sem þeir aka.

Tillögurnar byggir nefndin á niðurstöðum rannsókna á tveimur umferðarslysum fyrr á árinu. Í öðru tilfallinu lést ungur maður og annar slasaðist mikið og í hinu tilfallinu lést ökumaður vélhjól eftir að hafa misst stjórn á hjóli sínu í kappakstri.

- rat

Könnun Capacent Gallup:

## Fylgi Sjálfstæðisflokks hrynur

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn fengi aðeins 22,3 prósent atkvæða ef gengið yrði til kosninga nú, samkvæmt könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Morgunblaðið.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur því hrunið en í síðustu kosningum fékk flokkurinn 37 prósent atkvæða.

Samfylkingin er samkvæmt könnuninni stærsti stjórnmálaflokkur landsins og fengi tæp 37 prósent atkvæða.

Vinstri hreyfingin grænt framboð fengi tæp 27 prósent atkvæða ef kosið yrði nú og Framsóknarflokkurinn tæp átta prósent. Frjálslyndi flokkurinn fengi 4,4 prósent og Íslands-hreyfingin 1,5 prósent.

Capacent Gallup gerði könnunina dagana 27. - 29. október og voru 1.200 manns í úrtakinu. Svarhlutfallið var 58,7 prósent.

- kh

Melamín í matvörum:

## Framleiðendum refsað

**KÍNA** Yfirvöld í Kína hafa hafið refsisherferð gegn matvælaframleiðendum sem bættu melamíni út í vörur sínar. Búist er við að einhverjir forstjórar matvæla-fyrirtækja verði dregnir fyrir dóm.

Fyrir rúmu ári var dauði fjöldi gæludýra í Bandaríkjunum rakinn til melamínmengunar í kúnversku dýrafóðri. Þúsundir ungbarna hafa síðan veikt vegna melamínmengunar í þurrmjólk en matvælaframleiðendur bæta efninu út í svo varan sýnist innihalda meira prótín.

Orðspor Kínverja hefur beðið hnekkji vegna málsins og er stjórnvöldum mikið í mun að sýna að þau taki hart á málinu.

- rat

Maður á fertugsaldri dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir fjölmörg brot:

## Beit lögreglumann við störf og hrækti framan í annan

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur maður hefur verið dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir hótanir og ofbeldisverk gegn lögreglumönnum við störf, þjófnaði, tilraun til fjárvika og fleiri brot. Samanlagðir ákæru-liðir ríkissaksóknara og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu eru tuttugu og þrjár talsins.

Maðurinn beit lögreglumann sem var við skyldustörf í fingur. Þá hrækti hann í andlit annars lögreglumanns á lögreglustöð. Hann sparkaði í sköflung þriðja lögreglumannsins.

Maðurinn margbraut umferðarlög, bæði með því að aka réttindalaus sem og undir áhrifum áfengis og fíkniefna. Hann stal ýmsu úr



**LÖGREGLUSTÖÐIN** Maðurinn lét öllum illum látum eftir að hann hafði verið færður á lögreglustöð.

verslunum á höfuðborgarsvæðinu, bæði matvörum, snyrtivörum og fatnaði. Þá stal hann ítrekað áfengi úr vínþúðum.

Stórtækastur var hann þó þegar hann stal í félagi við annan mann úr vörugámum Byko við Skarfa-

garða í Reykjavík. Mennirnir stálu fimm sinnum úr gámunum. Þeir höfðu tuttugu og tvö sjónvarps-tæki upp úr krafssinu, auk 7,5 lítra af pallaolíu.

Maðurinn á langan sakaferil að baki.

- jss

Reykjavík  
871 ±2

Landnámssýningin  
The Settlement  
Exhibition

## Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16  
101 Reykjavík  
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin  
alla daga frá 10-17

Minjasafn  
Reykjavíkur





## Viðurkenning Jafnréttisráðs 2008

Föstudaginn 24. október hlaut Alcoa Fjarðaál viðurkenningu Jafnréttisráðs árið 2008 fyrir að hafa náð góðum árangri í að vinna gegn kynbundnu starfsvali og kynjaskiptingu vinnu-  
markaðar.

Við þökkum Jafnréttisráði fyrir þessa viðurkenningu sem er staðfesting á að jafnréttisáætlun Alcoa Fjarðaáls hefur skilað árangri. Hún er okkur jafnframt hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Verðlaunagripurinn heitir *Snúum bökum saman* og er eftir Guðrúnu Indriðadóttur.



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	120,05	120,63
Sterlingspund	194,2	195,14
Evra	153,07	153,93
Dönsk króna	20,555	20,675
Norsk króna	17,902	18,008
Sænsk króna	15,413	15,503
Japanskt jen	1,2304	1,2376

SDR	178,74	179,8
-----	--------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,7121

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Stækkun Evrópusambandsins: Króatíuviðræður á lokastig

**BRUSSEL, AP** Hægt verður að ljúka viðræðum um inngöngu Króatíu í Evrópusambandið á næsta ári. Þetta kemur fram í drögum að



OLLI REHN

skýrslu um stækkunarhorfur ESB, sem AP hefur undir höndum.

Skýrslan, sem á að samþykkja í framkvæmdastjórn ESB í næstu viku, kveður upp úr um að stjórnvöld í Króatíu hafi almennt náð „góðum framförum“ í að uppfylla aðildarskilyrðin á þeim þremur árum sem viðræðurnar hafa staðið yfir. Lokastig þeirra sé nú fram undan. Þegar viðræðurnar hófust árið 2005 var það takmark sett að ljúka þeim fyrir árslok 2009.

Olli Rehn, stækkunarmálastjóri ESB, hefur sagt að Króatía verði 28. aðildarríki sambandsins, en Ísland gæti fylgt þar fast á eftir ef aðildarumsókn bærir.

## Hnífur gegnum hönd: Hnífamaður sætir farbanni

**LÖGREGLUMÁL** Maður á þrítugsaldri sætir nú farbanni vegna gruns um að hann hafi skaðað félagá sinn verulega með hnífi um síðustu helgi.

Mennirnir voru staddir í húsi í miðborginni þegar atburðurinn átti sér stað. Ekki er vitað nákvæmlega um tildrög hans annað en það að hnífi var beitt og gekk hann í gegnum hönd þess sem særðist og stóð fastur í hurð í íbúðinni.

Lögregla flutti manninn á slysaðeild þar sem gert var að sárum hans. Mennirnir eru báðir af erlendum uppruna.

Þýska dagblaðið Frankfurter Allgemeine Zeitung um seðlabankastjóra:

# Davíð gefin „falleinkunn“

**ÞÝSKALAND** Í ítarlegri grein um Davíð Oddsson seðlabankastjóra, sem þýska stórblaðið Frankfurter Allgemeine Zeitung birti í vikunni, segir að óþarfi sé að rekja „mistök fortíðarinnar“ til að fella „falleinkunn“ („vernichtendes Zeugnis“ á þýsku) yfir ferli hans; til þess dugi að líta á þau mistök sem hann hafi gert í októbermánuði.

Blaðið telur að með yfirlýsingum sínum í hinu umtalaða Kastljóssviðtali 8. október hafi Davíð „stefnt orðspori íslensku þjóðarinnar í voða“. Rakið er hvornig hann hafi fyrst hækkað vexti í 15,5 prósent og þar með „hrakið marga í að taka lán í erlendri mynt“, síðan lækkað



vexti og þar með gefið til kynna að Seðlabankinn hefði gefið baráttu gegn verðbólgu upp á bátinn. Og skammvinn tilraun hans til að festa gengi krónunnar á óraunhæfu gengi er sögð hafa vakið efasemdir um „raunveruleikaskyn“ seðlabankastjórans.

„En það er sama hversu lengi Davíð Oddsson hangir á embætti sínu; valdasvipting hans er frágengið mál,“ skrifar blaðið síðan og skýrir þessa fullyrðingu með því að benda á að við að þiggja milljarða dala neyðarlán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum taki sú stofnun í raun yfir stjórn Seðlabanka Íslands.

## Einhugur í bæjarstjórn: Meiri kvóta til að auka umsvif

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Akraness vill að fiskveiðikvóti verði strax aukinn. „Með hliðsjón af þeirri alvarlegu stöðu sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir nú um stundir, fyrrsjáanlegu atvinnuleysi og þrenginum, hjá bæði fjölskyldum og fyrirtækjum á næstu misserum,“ segir bæjarstjórnin sem skorar á ríkisstjórnina að auka fiskveiðiheildir nú þegar og krefst þess að sveitarfélög fái að ráðstafa viðbótaraflaum til vinnslu.

„Verður þannig stuðlað að minna atvinnuleysi, auknum útflutningstekjum og meiri umsvifum í þjóðfélaginu.“

# Vill byrja að skera fituna í þingsalnum

**Pingmaður Sjálfstæðisflokks vill leggja af nýlega aðstoðarmenn þingmanna í sparnaðarskyni. Pingmaður Samfylkingar vill afnema eftirlaunalögin strax þrátt fyrir mögulega bótaskyldu. Smásálin geti þá sótt forrétindi sín með dómi.**

**ALÞINGI** Ólöf Nordal, pingmaður Sjálfstæðisflokksins, vill leggja af aðstoðarmenn landsbyggðarþingmanna vegna efnahagsástandsins. Þessari skoðun sinni lýsti hún í ræðustól á Alþingi á fimmtudag.

„Það þarf að skera alla þá fitu sem við höfum safnað utan á okkur. Í góðærinu höfum við leyft okkur svo margt sem við höfum ekki leyfi til að leyfa okkur lengur. Við skulum bara byrja hérna í þingsalnum,“ sagði Ólöf og hvatti til niðurskurðar í ríkisútgjöldum.



ÓLÖF NORDAL

Að mati Ólafar á að leggja af aðstoðarmennina, fækka ráðgjöfum ráðherra, kanna sameiningu ráðuneyta, athuga launakerfi ríkisins, endurskipuleggja utanríkisþjónustuna, draga úr óþarfa ferðalögum á vegum ríkisins og síðast en ekki síst; að hraða endurskoðun eftirlaunalaganna svokölluðu. „Ef við ætlum að leggja það á þjóðina að borga svo miklar skuldir eignum við að byrja á okkur sjálfum og spara,“ sagði Ólöf.

Pingmaður hins stjórnarflokksins, Samfylkingarinnar, sté næstur í pontu og tók undir orð Ólafar. Árni Páll Arnason hvatti meðal annars til þess að Alþingi afnæmi eftirlaunalögin strax þrátt fyrir að það kynni að baka ríkinu skaðabótaskyldu.

## AÐSTOÐARMENN KOSTA 52 MILLJÓNIR Á ÁRI

- Aðstoðarmenn landsbyggðarþingmanna og formanna stjórnarandstöðuflokka eru nýjung sem lögfest var í mars á þessu ári.
- 22 af 25 þingmönnum hafa nýtt sér ákvæðið og ráðið sér aðstoðarmann, þeirra á meðal Ólöf Nordal, sem nú mælir fyrir því að þeir verði settir af.
- Þeir einu sem ekki hafa ráðið sér aðstoðarmann eru sjálfstæðismennirnir Árni Johnsen og Kjartan Gunnarsson úr Suðurlkjördæmi og hinn frjálslyndi Kristinn H. Gunnarsson úr Norðvesturkjördæmi.
- Aðstoðarmenn þingmanna eru í 33 prósentu starfi og fá fjórðung af þingfararkaupi fyrir störf sín, eða um 140 þúsund krónur á mánuði. Aðstoðarmenn formanna stjórnarandstöðuflokka þriggja fá fullt þingfararkaup, 562 þúsund krónur á mánuði, fyrir fullt starf.
- Ríkið greiðir aðstoðarmönnum 22 því rúmlega 52 milljónir á ári fyrir störf sín.
- Í febrúar skrifaði meirihluti allsherjarnefndar Alþingis undir nefndarálit þar sem sagði að sterk rök hnigju að því að allir þingmenn ættu að hafa aðstoðarmenn, líka þingmenn höfuðborgarsýslunnar. Meðal þeirra sem skrifuðu undir álitinu var Ólöf Nordal.

## SMÁSÁLIR HÖFÐI MÁL OG VERÐI SÉR TIL SKAMMAR

Árni Páll Arnason, pingmaður Samfylkingarinnar, telur að afnema eigi hin umdeildu eftirlaunalög hið snarasta. Rætt hefur verið um að ríkið yrði þá hugsanlega skaðabótaskyldt gagnvart þeim einstaklingum sem þegar hafa óðlast eftirlaunaréttinn.

Árni telur „að tími lögfræðilegra vangaveltna af þeim toga sé löngu liðinn“ að því er fram kom í andsvari hans við ræðu Ólafar Nordal á þingi á fimmtudag.

Árni segir að „það sé einfaldlega rétt að afnema þessi réttindi og leyfa þá þeim sem eru slíkar smásálin að vilja sækja forrétindi sín með dómi að gera það. Þeir verða þá sjálfum sér til skammar og að athlægi en tjón ríkisins verður ekkert meira heldur en það hefði orðið að óbreyttu við að borga þeim þessi réttindi út,“ sagði Árni.

„Það er ófært að ætla almenningi í landinu að þola verulega skerðingu eigin lífeyris á næstu árum eins blasir nú við en á sama tíma að halda óbreyttu forréttingafyrirkomulagi með æstu embættismenn ríkisins.“



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

## Stjórn Bláamannafélagsins: Óttast um afdrif fjölmiðla

**FJÖLMIÐLAR** Bláamannafélag Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem upp er komin í fjölmiðlum sem birtist í fjölauðsögnum og lokun fjölmiðla, að því er fram kemur í ályktun sem félagið sendi frá sér í gær.

Bláamannafélagið fagnar því að menntamálaráðherra ætli að skipa starfshóp til að koma með tillögur til úrbóta og telur félagið augljóst að skoða þurfi sérstaklega stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Samkeppnisstaða fjölmiðla hefur verið erfið vegna sterkrar stöðu Ríkisútvarpsins sem hefur haft sig mikið í frammi á auglýsingamarkaði.

Í því árferði sem er núna er hættu á því að slík staða geti orðið til þess að einkareknir fjölmiðlar leggist af, segir meðal annars í ályktun félagsins.

## LÖGREGLUMÁL

### Tíu gistu fangageymslur

Erill var aðfaranótt laugardagsins hjá lögreglunni í Reykjavík. Alls gistu tíu manns fangageymslur um nóttina og tíu voru teknir fyrir ölvunarakstur.

### Ekið á gangandi mann

Ekið var á gangandi vegfaranda klukkan hálf sjö á laugardagsmorgun en meðsl hans voru ekki alvarleg.

## VIÐSKIPTI

### Greitt úr skammtímasjóði

Hlutdeildarskírteinishafar í Kaupþingi Skammtímasjóði fengu í fyrradag greitt úr sjóðnum. Greiðslan nam 75,1 prósentu af eignum sjóðsins miðað við 3. október 2008. Um heildargreiðslu er að ræða. Ákveðið hefur verið að slíta sjóðnum vegna efnahagsástandsins og tilmæla Fjármálaeftirlitsins.

## MÁLÞING HALDIÐ Í LAUGARSAL, WORLD CLASS LAUGUM 2. HÆÐ

Þriðjudaginn 4. nóvember 2008 kl. 16:30

- Aðlögun að foreldrahlutverki
- Að verða faðir um fertugt
- Látum töfrana haldast

### Foreldrum sem líður vel = Gott uppeldi

Fundarstjóri: Þóra Arnórsdóttir, fréttamaður. Frummælendur: Guðrún Ösp Teodórsdóttir, móðir og hjúkrunarfræðingur. Ingimundur Birnir, faðir og verkfræðingur. Ólafur Grétar Gunnarsson, fjölskylduráðgjafi.

Auk frummælenda í pallborði: Anna Valdimarsdóttir, sálfræðingur. Ingólfur Sveinsson, geðlæknir.

Allir velkomnir! Frír aðgangur. Berum ábyrgð á eigin heilsu!



MÁLÞING NATTÚRULÆKNINGAFÉLAGS ÍSLANDS  
**VIÐ TVÖ OG BARNIÐ OKKAR**


## VEÐURSPÁ



Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

### ÚRKOMUSAMT

Framundan eru úrkomusamir dagar, aðallega sunnan lands og vestan. Í dag verður þurr norðan og austan lands fyrir hádegi en uppúr því má búast við slyddu og síðar rigningu. Á morgun verðum við milli lægða, með skúraveðri á vesturhluta landsins en svo kemur ný lægð upp að landinu með rigningu víða um land. Frekar milt í veðri.



### HEIMURINN

Alicante	17°
Amsterdam	13°
Basel	17°
Berlín	12°
Billund	10°
Eindhoven	15°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	14°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	22°
London	12°
New York	12°
Orlando	25°
Osló	5°
París	13°
Róm	23°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# ÁFRAM STELPUR — MEÐ STERK BEIN

Það er hægt að sigra. Það getur tekið tíma. Það getur komið bakslag. En það hefst að lokum. Með úthaldi, seiglu og vilja. Með sterkum beinum.

Kvennalandsliðið í fótbolta skipa stelpur með sterk bein. Í bókstaflegum skilningi. Það staðfesta nýlegar mælingar á beinþéttni þeirra. Hjá þeim reyndist beinþéttni langt yfir meðallagi og má ætla að landsliðskonur hafi 24% þéttari bein en jafnöldrur þeirra.

*Stelpur á öllum aldri geta auðveldlega skipað sér í landslið gegn beinþynningu. Rétt hreyfing, kalkrík fæða, t.d. mjólkurvörur, auk D-vítamíns – það er beina leiðin í landslið, beina leiðin til sigra í framtíðinni.*

Kalk við hæfi  
- alla ævi!

**BEINVA**  
LEIÐ TIL SIGURS  
**BEINVA**  
LEIÐ Á EMI

Beinvernd og Mjólkursamsalan óska landsliðskonum til hamingju. Nú fara þær beina leið á Evrópumót kvennalandsliða í knattspyrnu sumarið 2009. Það verður í fyrsta sinn sem íslenskt A-landslið í knattspyrnu fer í úrslitakeppni stórmóts.

**Höldum áfram að hvetja stelpur með sterk bein til sigurs.**



BEINVERND



## KJÖRKASSINN



Telur þú rétt að RÚV verði tekið af auglýsingamarkaði?

Já	61,4%
Nei	38,6%

Telur þú Davíð Oddsson hafa skaðað orðspor Sjálfstæðisflokksins að undanförmu?

Segðu skoðun þína á visir.is



Dauði myndatökumanns:

## Rússar og Hollendingar deila

**HOLLAND, AP** Rússneski utanríkisráðherrann Sergei Lavrov sagði á fimmtudag að rússnesk yfirvöld væru að rannsaka gögn sem Hollendingar lögðu fram til sönnunar fullyrðinga sinna um að banamein hollensks sjónvarpsmynda-tökumanns, sem lét lífið í átökum í Georgíu í ágúst, hefði verið rússnesk klasasprengr.



SERGEI LAVROV

En Lavrov ítrekaði að hann stæði við niðurstöðu rússneskrar rannsóknar sem stangast á við fullyrðingar hollenska utanríkisráðuneytisins um að myndatökumaðurinn Stan Storimans hafi látið lífið með þessum hætti. Rússar hafa neitað að hafa beitt klasasprengrum í hernaði sínum í Georgíu í ágúst.

- aa

Jóláhlaðborð á Kringlúkránni:

## Kveikti í jakka annars manns

**DÓMSMÁL** Maður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að kveikja í jakka annars manns á Kringlúkránni. Eigandi jakkans tók skyndilega eftir því að bakki á jakkanum stóð í ljósum logum. Hann náði að klæða sig úr honum, slökkva eldinn og koma þannig í veg fyrir meiðsl.

Brennugurinn játaði fyrir dómi að hafa kveikt í jakkanum en þvertók fyrir að nokkur hefði verið í honum. Dómnum þótti sýnt að það væri rangt.

Mennirnir höfðu leigt íbúð saman um það bil ári fyrr. Ósætti varð á milli þeirra og leiðir skildi, þar til á Kringlúkránni.

- jss

Tap Seðlabankans vegna fyrirgreiðslu til bankanna verður ekki rakið til afglapa:

## Tapið nemur tugum milljarða

**ALÞINGI** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að tap Seðlabankans vegna fyrirgreiðslu til bankanna nemi tugum milljarða króna. „Kannski er það um 150 milljarðar,“ svaraði Geir fyrirspurn Helga Hjörvar, Samfylkingunni, á Alþingi á föstudag. Tók hann fram að endanlegir útreikningar lægju ekki fyrir.

Fyrr á árinu veitti Seðlabankinn bönkunum fyrirgreiðslu um lausafé í enn ríkari mæli en áður hafði verið. Sagði Geir það hafa verið gert eftir að mjög ríkar kröfur þar um höfðu verið gerðar. „Þetta var af flestum talið eðlilegt og nauðsynlegt,“ sagði Geir. Fólst fyrir-



GEIR H. HAARDE HELGI HJÖRVAR

greiðslan í viðtöku sérstakra tryggingabréfa bankanna. Við

prot þeirra yrnaði verðmæti bréfanna stórkostlega.

Geir sagði ljóst að ríkið verði að leggja Seðlabankanum til nýtt eigið fé en fjárhæðin hafi hvorki verið reiknuð út né ákveðin.

Helgi krafðist jafnframt svara um hvort seðlabankastjórnarnir þyrftu ekki að axla ábyrgð vegna þess gríðarlega tjóns sem bankinn hefði orðið fyrir. Benti hann á að stjórnendur viðskiptabankanna hefðu þurft að láta af störfum og nýir ráðnir í þeirra stað.

Geir taldi svo ekki vera enda væri ekki um að ræða að Seðlabankinn hefði gert sig sekan um sérstök afglöp.

- bps

Póst- og fjarskiptastofnun:

## Fólk fái að vita um hljóðritanir

**PERSÓNUVERN** Fjármálafyrirtæki eiga að láta fólk vita þegar símtöl þess við fyrirtækin eru hljóðrituð.

Póst- og fjarskiptastofnun segir undanþágu frá þessari reglu vera ef um sé að ræða fólk frá öðrum fjármálafyrirtækjum og fjárfesta. Einnig gagnvart viðmælendum sem áður hafi undirritað samning eða skilmála þar sem fram komi að símtöl séu hljóðrituð.

Almennum neytendum sem ekki séu eins vel upplýstir um starfshætti á fjármálamarkaði skuli hins vegar tilkynna ef símtal er tekið upp.

- gar

# Íslenskt efnahagslíf þarfnast skjóls í ESB

Sérfræðingar frá þremur háskólum sem töluðu um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna á málþingi eru sammála um að ógjörningur sé að endurreisa íslenskt efnahagslíf með krónuna sem gjaldmiðil. Það þurfi skjól í Evrópusambandinu.

**EFNAHAGSMÁL** Krónan er ónothæfur gjaldmiðill til að byggja upp samkeppnishæft efnahagslíf hér á landi. Þar sem Ísland hefur hins vegar engan annan lögeyri verður að notast við hana sem millibils-gjaldmiðil uns það tekst að koma krónunni „í skjól“ í Evrópusambandinu og peningamálastefnu Evrópska seðlabankans. Um þetta voru sammála frummælendur sem töluðu á málþingi sem haldið var í Norræna húsinu á fimmtudag undir yfirskriftinni „Framtíð Íslands í samfélagi þjóðanna“.

Að málþinginu stóðu Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Evrópumálastofnun Háskólans á Bifröst og viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík.

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ, rakti í sínu erindi að Ísland væri eina smáríkið í Evrópu sem fyrir alþjóðlegu fjármálakreppuna hefði ekki haft neina samninga um „efnahagslegt skjól“ af stærri efnahags-einingu, og því væri það engin tilviljun að Ísland væri fyrsta fullvalda ríkið í hinum hnattvædda vestræna heimi sem varð alvarlega fyrir barðinu á kreppunni. Íslensk stjórnvöld hefðu brugðist í að tryggja Íslandi efnahagslegt skjól ef til alþjóðlegrar kreppu kæmi.

Aðalsteinn Leifsson, forstöðumaður MBA-náms við HR, sagði að þrátt fyrir bágt efnahagsástand, deilur við Breta og fleira sem tína mætti til sem atriði sem ætla mætti að veiktu samningsstöðu Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusam-



Í SKJÓL Án hornfa á að tengjast peningamálastefnu Evrópska seðlabankans á íslenska krónan sér vart viðreisnar von, að mati frummælenda á málþinginu. NORDICPHOTOS/AFP



AÐALSTEINN LEIFSSON

bandið þá væri Ísland, þegar grannur væri skoðað, í fágætri aðstöðu til að ganga í sambandið. Réttur Íslands til þess, samkvæmt lögum ESB, væri ótvíráður og landið uppfyllti öll aðildarskilyrðin. Olli Rehn, stækkunarmálastjóri ESB, hefði þar að auki staðfest að Ísland uppfyllti forsendur til að hægt væri að ljúka aðildarviðræðum á skemmri tíma en samið hefur verið við nokkurt umsóknarríki til þessa. Mikilvægasta forsendan fyrir þessu er að hægt væri að ljúka minnst 21 af 35 samningsköflum strax eftir að aðildarviðræður hefust, vegna þess hve Ísland hefur í gegnum

EES, Schengen og annað samstarf við ESB nú þegar lögleitt alla löggjöf ESB á viðkomandi sviðum.

Eiríkur Bergmann Einarsson, forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst, rakti hvernig „hefðbundin“ leið til að ganga í myntbandalag ESB tæki fjögur ár í framkvæmd. Tæknilega ætti þó að vera hægt að tengja krónuna inn í ERM II-gengiskerfið á fjórum mánuðum, væri til þess pólitískur vilji samningsaðila.

Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, skoraði á íslenska fyrirtækjarekendur að láta framvegis ekki bjóða sér annan eins óstöðugleika og þeir hafa búið við á löngum árum.

Aðrir frummælendur voru Katrín Ólafsdóttir, lektor í viðskiptafræði við HR, og Alyson Bailes, gestakennari í alþjóðastjórnmálum við HÍ.

audunn@frettabladid.is



BJÖRGÓLFSFEÐGAR Þýski bankinn Commerzbank vildi að Straumur, félag Björgólfsfeðga, yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Örlög Samsonar ráðast senn:

## Commerzbank vildi gjaldþrot

**VIÐSKIPTI** „Commerzbank var eitt um að mótmæla framlengingu á greiðslustöðvun og vildu að Samson eignarhaldsfélag yrði tekið til gjaldþrotaskipta,“ segir Gunnar Sturluson, lögmaður og aðstoðarmaður félagsins, sem er í greiðslustöðvun.

Samson, sem er í eigu feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar, átti ríflega 41 prósent hlut í Landsbankanum. Eftir að bankinn fór í þrot fyrir þremur vikum óskaði stjórn Samsonar eftir greiðslustöðvun. Mál Commerzbank gegn Samsoni var tekið fyrir í héraðsdómi í fyrradag en úrskurðað verður í málinu í næstu viku.

- jab

Ríkissaksóknari ákærir mann:

## Braut glas í andliti manns

**DÓMSMÁL** Maður um þrítugt hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Honum er gefið að sök að hafa fleygt glerglasi í andlit manns með þeim afleiðingum að glasið brotnaði. Við þetta hlaut fórnarlambið þriggja sentímetra langan skurð á enni og mar á nefi. Atvikkið átti sér stað fyrir utan Kaffibarinn í lok síðasta árs.

Af hálfu þess sem glasið lenti á er krafist skaðabóta að fjárhæð 624 þúsund krónur.

- jss

SUPER SUNNUDAGUR

Í BLEND

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
VÖRUM AÐEINS Í DAG

20%

BLEND®

KRINGLUNNI // SMÁRALIND // KEFLAVÍK






## Löng helgi - kynnum frábær jólatilboð

Opið í dag - sunnudag frá kl. 13-17

Sjóðheitt kaffi og nýbakaðar kleinur alla helgina



Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm  
Stærð: 2x90x200  
Jólatilboð: Kr. 669.920



Temprakon hiajöfnunarsæng  
100% hreinn gæsadúnn  
Stærð: 140x200  
Jólatilboð: Kr. 31.920



Chiro Royal heilsurúm  
Stærð: 160x200  
Jólatilboð: Kr. 171.920



Joop sængurver  
Stærð: 140x200  
Jólatilboð: Kr. 13.520

**Betra**  
**BAK**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði  
Opið virka daga frá kl. 10-18  
Laugardaga frá kl. 11-17  
Sunnudag frá kl. 13-17



Nauðsynleg átök eru framundan.

## Hugmyndafræðin út úr skápnunum

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það er kosningahugur í mörgum þessa dagana. Niðurstöður skoðanakannana kitta suma fulltrúa þeirra flokka sem skora þar hátt og almenningur er líka órólegur.

Væri allt með felldu ætti að kjósa næst árið 2011. Í skoðanakönnun Capacent Gallup fyrir sunnudagsblað Morgunblaðsins, sem kom út í gær, kemur fram að 60 prósent aðspurðra vill ekki bíða svo lengi, heldur flýta þingkosningum. Þetta er eðlileg og sanngjörn ósk. Þjóðlífið hefur tekið slíkum koll-steypum á fjórum vikum að flestallar fyrri forsendur eru breyttar. Kosningar á næstu mánuðum eru hins vegar ekki skynsamlegar. Þjóðin má ekki við stjórnarkreppu nú. Úrlausnarefnin eru svo mörg og brýn að þau þola ekki að vera sett í salt á meðan flokkarnir heyja kosningabaráttu.

Önnur ástæða, og ekki veigaminni, er að línurnar á stjórnmalasviðinu verða að skýrar áður en hægt er að kjósa. Hið pólitíska landslag er gjörbreytt og þó aðalvíglinan sé greinileg: í átt til Evrópu eða áfram á eigin vegum, vitum við ekki hvernig hún liggur milli allra stjórnmalaflokkanna.

Síðastliðinn áratug hafa hugsjónamennska og hugmyndafræðileg átök þótt frekar þúkaleg fyrirbrigði. Hið frjálsa markaðskerfi kapitalismans virtist vera flugfarið sem flaug hraðast og öruggast og fátt annað eftir en að finpússa af því mismunandi útfærslur. Farkosturinn sá liggur nú og ryðgar í hinum ríkistryggða ruslagámi eittraða skuldabréfavafninga fyrir vestan. Hérna megin hafsins flaug hann á fjall þegar ríkisstjórnin ákvað að skipta um nafn og kennitölu bankanna og skilja skuldirnar eftir.

Stóra spurningin núna er því: Hvað á að taka við? Og skyndilega bregður svo við að margir hafa svör og brennandi skoðanir. Hugsjónamennirnir streyma út úr skápnunum landsins. Þetta er frábært viðbragð þjóðarinnar. Þegar eru hafin hugmyndafræðileg átök um uppbygginguna sem bíður og mun móta nýja samfélagshugsun.

Það eru sem sagt runnir upp stórpólitískir tímar. Jafnvel hefur verið minnst á nauðsyn þess að stofna nýja stjórnmalaflokka. Það yrði þó tæplega gæfuleg útgærd. Ef óeiningin um framkvæmd mótmæla er ekki nóg til að setja hroll að mönnum, má benda á að í nýjasta flokknum, sem situr á Alþingi, hafa menn eytt meiri tíma í að berja á hvor öðrum en andstæðingum sínum.

Mun raunsærri möguleiki er að notast við núverandi flokka. Bylta þeim innan frá, kalla nýtt fólk til forystu og verka, eða treysta áfram þeim sem fyrir eru. Flokkarnir eru misvel staddir fyrir slíkt innra uppgjör. VG og Samfylkingin eru í sýnu betra formi en Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur. Innan fyrrnefndu flokkanna er klár samstaða um flokkslínuna. Sama er ekki hægt að segja um hina tvo. Mikil átök eru greinilega hafin innan Sjálfstæðisflokksins. Hvernig enda þau? Vill Sjálfstæðisflokkurinn að Ísland verði áfram á eigin vegum? Þá bíður ekki annað en samstarf við VG. Eða verður útkoman Evrópusinnnaður og markaðsþenkjandi flokkur sem á samleið með Samfylkingunni? Nákvæmlega sama staða er uppi hjá Framsóknarflokknum.

Þegar þessum uppgjörum er lokið er tímabært að kjósa. Þjóðin mun velja hvort hún vill horfa til fjalla eða út í heim.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTASTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Þósson thorst@frettabladid.is. AÐSTODARSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðtöllum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

### Velliðan án lyfja með verkfærum sálfræðinnar

Fjögurra vikna námskeið Kvíðameðferðarstæðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluáferðir jafnframt kennar.

Kennsludagar:

Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:30 auk eftirfylgdartíma, alls 14 klst.



Kennarar: **Oddi Erlingsson** og **Sóley D. Davíðsdóttir**, sérfræðingar í klínískri sálfræði. Kynningarverð: 42.000. Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrahúsum stéttarféлага.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 17. nóvember n.k.

Skráning og fyrirspurnir í sínum 5340110 og 5624444, oddier@simnet.is og kms@kms.is. Nánari upplýsingar: www.kms.is.



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Almenningi er borgið

Björgunarmenn Íslensks almennings þyrpast nú að. Fyrstur var Jón Ásgeir til að lýsa yfir vilja sínum við koma að björgunaraðgerðum á Íslandi og jafnvel aka um á lyftara ef þess þyrfti, Björgólfur Thor lét svo sitt ekki eftir liggja og lýsti því yfir að hann vildi veita ráðgjöf þótt ekki ætlaði hann að koma með peninga og nú hefur en einn björgunarmaður bæst í hópinn.

#### Uppgjafautrásarvikingar

Fyrirverandi athafnamaðurinn Hannes Smárason hefur svo bæst í lið vaskra manna sem vilja gera sitt besta í þeim erfiðleikum sem nú eru farnir að setja mark sitt á íslenskt samfélag með tilheyrandi fjöldauppsögnum, yfirvofandi fólksflotta og öðru til-

heyrandi. Hannes sagði meðal annars að erfitt skeið væri nú í vændum, það gæti tekið um tíu til tuttugu ár ef þjóðin gengi ekki í ESB. Tvær grímur hljóta að hafa runnið á stuðningsmenn ESB-aðildar Íslands við að heyra þessi ummæli. Hingað til hefur hann ekki spáð rétt um óörðna hluti. Að minnsta kosti hitti hann ekki naglann á höfuðið þegar hann var aðstoðarforstjóri DeCode og forstjóri FL-group. Hann er samt að minnsta kosti reynslunni ríkari.

#### Móðu-Haardeindin

Sumir undrast því upp-gjafautrásarvikingar halda að þeir geti



orðið að liði. En það er alveg í stíl við það að sömu aðilar og gegndu ábyrgð í pólitík og innan eftirlitsstofnana eru enn á sínum stað. Reyndar er nær allt óbreytt ef ekki væri fyrir þúsundir atvinnulauss fólks sem ekki bar ábyrgð og átti ekki sök á því hvernig fór. Og enn á eftir að bæstast í hóp atvinnuleysingja sem aldrei tóku ákvörðun sem hafði áhrif á þá stöðu sem upp er komin. Reyndar er staðan svo alvarleg að Gylfi Arnbjörnsson, nýkjörinn forseti ASÍ, segir að alvarlegri staða í efnahagsmálum hafi ekki komið upp í landinu frá því móðuharðindin voru. Gárungarnir vilja meina að nú séu móðu-Haardeindin skollin á.

karen@frettabladid.is

## Öfgafullum hagsveiflum verður að linna

Það er örugglega að bera í bakkafullan lækinn að rita grein um efnahagsmál. Ég ákvað samt að gera það út frá einföldum sjóndeildarhring atvinnurekanda og verkefnum hans. Að einhverju leyti er þetta til eigin nota og að einhverju leyti er ég að skrifa mig frá þessum hugsunum.

Í þessum orðum mun ég forðast að tengja saman orsakir og afleiðingar og eingöngu horfa á afleiðingar.

#### Ótrúlegar gengissveiflur

Sú kreppa sem Ísland nú stendur frammi fyrir er án vafa sú erfiðasta í áratugi. Þess ber að geta að gengi krónunnar hefur frá aldamótum sveiflast með ótrúlegum krafti. Þessar sveiflur hafa gríðarleg áhrif á allt atvinnulíf og ekki síður á hag heimilanna. Þegar krónan styrkist hratt þá hellist mikill kaupmáttur yfir hagkerfið sem leiðir til þenslu og offjárfestingar en þegar síðan krónan fellur hratt þá dýpkar vandinn verulega vegna þess hve sveiflan er mikil í veikingarátt.

Þegar skoðað er gengi Bandaríkjadollars gagnvart íslenskri krónu frá ársbyrjun 2001 og til dagsins í dag þá áttar maður sig á öfgunum:

	Dollar / Króna
2001	+23,16 %
2002	-20,77 %
2003	-12,10 %
2004	-13,30 %
2005	+2,01 %
2006	+12,80 %
2007	-11,70 %
2008	-58,70 %

Hluti af þessum sveiflum á gjaldeyri endurspeglar síðan í verðbólgunni sem líka er gríðarlega sveiflukenn. Öll árin frá aldamótum hefur verðbólgan á einhverjum tíma árs verið yfir 5% og langtíman saman hefur hún verið nálægt 10%.

Ég hef staðið í rekstri fyrirtækja síðan 1994 eða bráðum í 15 ár og á þeim tíma hafa komið nokkrar öfgafullar sveiflur og maður hefur með tímanum þróað með sér einhverja heimatilbúna aðferðafræði til að glíma við skammtímavanda. Það sem út af stendur er spurningin af hverju í ósköpunum fer allur kraftur og allur ávinningur íslensks atvinnulífs í það að reyna að lifa af óðaverðbólgu og gríðarlegar gengissveiflur.

Þegar maður horfir á næstu efnahagskerfi og áttar sig á því að stóru hagkerfin eru að glíma við verðbólgu frá 1,5-3% og vaxtastig í lánsfé frá 5-7,5% þá sér maður glögglega við hvaða skilyrði við erum að starfa sem



HERMANN GUÐMUNDSSON Í DAG | Íslenskt hagkerfi

erum að reka íslensk fyrirtæki.

Nú er það ekki svo að stóru hagkerfin séu ekki með vanda-mál eða sveiflu á virði evru á móti Bandaríkjadollar og öfugt. Það hins vegar kemur ekki mjög sterkt í gegnum efnahagslífið þar sem meirihluti atvinnulífsins er aðeins að starfa í einum gjaldmiðli og því eru það helst stærstu fyrirtækin í útlutningi sem eru að glíma við þær sveiflur.

Þegar ég horfi til baka síðustu áttu árin gæti ég trúað að 50% af tíma mínum, og sennilega er hærra hlutfall af tíma stjórnar-funda, hafi farið í að ræða og skipuleggja fjármál, gengismál og verðbólgu. Þetta er algerlega fráleit skipan mála..

#### Fráleit skipan mála

Þegar ég horfi til baka síðustu áttu árin gæti ég trúað að 50% af tíma mínum, og sennilega er hærra hlutfall af tíma stjórnar-funda, hafi farið í að ræða og skipuleggja fjármál, gengismál og verðbólgu. Þetta er algerlega fráleit skipan mála.

Ef einhver verðmæti eiga að verða til í íslensku atvinnulífi til framtíðar þá verður þessum öfgum að linna. Við sem þjóð erum ótrúlega lánsöm með okkar auðlindir og undirliggjandi styrk. Við framleiðum gríðarleg verðmæti pr. mann í hagkerfinu en vegna sveiflanna þá tapast gríðarleg verðmæti aftur í stað þess að byggja undir enn frekari verðmætasköpun.

Það væri hægt að fara í löngu máli í gegnum þau atriði sem komu því ójafnvægi á sem raun ber vitni. Hvort sem bankarnir lifðu eða ekki þá hafa skilyrði atvinnulífsins til að fá langtímalánsfé inn í sinn rekstur verið alveg óásætlanleg til fjölda margra ára.

Við höfum haft um það að velja að vera með fjármagn sem kostar að nafnvöxtum 18-26% í skammtíma lánunum eða verðtryggt lán með 8-10% vöxtum sem nú um stundir er jafnvel

enn dýrara. Hinn kosturinn sem flestir hafa valið er að taka lán í erlendri mynt og geysilega gengisáhættu. Aðalástæðan er sú að það er minni skaði fyrir reksturinn að efnahagurinn veikist tímabundið en að fórna sterku sjóðstreymi fyrir minni áhættu.

Þessi staðreynd gerir eðlilegan strúktúr á efnahag fyrirtækja vonlausan. Við svona skilyrði má segja að öll fyrirtæki eigi eingöngu að notast við eigið fé og vaxa eingöngu í gegnum afkomu sína. Sums staðar þekkist t.d. að lífeyris-sjóðir kaupi sterk fyrirtæki að fullu og geri upp allar skuldir þess í skiptum fyrir að fá 75% af hagnaði félagsins í arð um langa hríð. Í slíkum fyrirtækjum eru aldrei tekin lán heldur ræður eigandinn því hvort hann leggur fram meira eigið fé í von um meiri arð.

#### Krónan uppspretta vandans

Þegar maður lítur yfir sviðið eftir margra ára rekstur og sér í raun og veru hversu óstöðugleikinn hefur leikið efnahag landsins grátt og nánast lagt allt atvinnulíf í rúst, þá hlýtur maður að horfa til þess hvað það er sem keyrir áfram þennan óstöðugleika. Ég get ekki séð annað en að krónan sé þetta vogarafl sem býr til óstöðugleikann.

Ég var þeirrar skoðunar lengi að krónan væri ágætt tæki til lækka kaupmátt hratt og gæti hjálpað okkur við að ná bata hraðar en ella þegar á móti blési. Mín skoðun í dag er hins vegar sú að krónan er uppspretta vandans en ekki lausnin.

Að þessu sögðu þá þykir mér augljóst að verkefni stjórnvalda þegar hættuástandi hefur verið aflétt verður að byggja nýja grunngerð í íslensku efnahagslífi. Sú gerð verður að vera til þess fallin að næstu tíu ár verði ár stöðugleika og að verðbólga og vextir á langtímafjármagni fyrir atvinnulífið og heimilin verði sambærileg því sem við þekkjum erlendis. Ég ætla ekki í þessum pistli að rekja hversu skaðlegt tæki verðtrygging er í baráttunni við verðbólguna en bendi frekar á að engar alvörubjörðir nota slíkt leiðréttingatæki. Það er frekar horft til breytilegs vaxtastigs á langtímalánum.

Að lokum er rétt að benda á að fall bankanna er eingöngu birtingarmynd þess veikleika sem við byggjum allt okkar á en ekki orsök. Ef Ísland hefði verið hluti af stærri hagkerfi þá væri þjóðin ekki svona illa stödd.

Höfundur er forstjóri N1















# Hetja sem veit hver illmennin eru

Nýjasta James Bond-myndin, *Quantum of Solace*, verður frumsýnd hérlendis 7. nóvember. Freyr Bjarnason spjallaði við **Daniel Craig** um myndina, kæstan hákarl sem hann prófaði í Jökulsárlóni og hatrammar deilur Breta og Íslendinga.

**Q**uantum of Solace er 22. Bond-myndin í þessari langlífustu framhaldsmýndaröð kvikmyndasögunnar. Þetta er í annað sinn sem Daniel Craig leikur James Bond en segja má að hann hafi slegið ræki-lega í gegn í síðustu mynd, *Casino Royale*. Kom frammistaða hans skemmtilega á óvart því margir höfðu sett spurningarmerki við valið á honum sem njósnara hennar hátignar. Spilaði þar útlitið inn í, því ljóshærður og bláeygður Bond var eitthvað sem íhaldssamir aðdáendur hans höfðu ekki áður fengið að kynna.

## Sjálfur í áhættuatriðum

Nýja myndin er beint framhald *Casino Royale* og er söguþráðurinn á þann veg að Bond reynir að stöðva viðskiptajöfurninn Dominic Greene sem ætlar að leggja undir sig miklar vatnsbirgðir í Suður-Ameríku. Á sama tíma reynir okkar maður að hefna þeirra sem drápu kærustu hans, Vesper Lynd, í síðustu mynd.

„Ég er mjög ánægður með útkomuna,“ segir hinn viðkunnalegi Craig um *Quantum of Solace*. „Mér finnst Marc Forster [leikstjórinn] hafa staðið sig ótrúlega vel. Mér finnst myndin virka mjög vel bæði sem Bond-mynd og líka sem framhald *Casino Royale*.“

Craig leggur mikið upp úr raunsæi og reyndi því að leika í sem flestum hasaratriðum sjálfur, þrátt fyrir áhættuna sem því fylgdi. „Mér fannst það mikilvægt fyrir myndina. Ég vil að áhorfendur verði tilfinningalega tengdir myndinni og detti ekki út á röngum augnablikum,“ segir hann og gefur lítið út á meißlin sem hann hlaut. „Ég fór í aðgerð [á öxl] sem tengdist gerð beggja Bond-myndanna, en ég meiddist eiginlega ekkert við tókurnar. Ég fékk nokkur spor en það var ekkert sem mátti ekki búast við.“

## Bond í ástarsorg

Breskir gagnrýnendur, sem venjulega draga ekkert undan þegar Bond er annars vegar, hafa gefið nýju myndinni góða einkunn. Þó hafa þeir sett út á skort á nektarsenum og öllum skemmtilegu vopnum sem njósnarinn er vanur að notast við.

Craig segist ekki vilja tjá sig sérstaklega um nektarskortinn en segir hann þó hluta af sögunni. „Hann varð ástfanginn í síðustu mynd og lenti síðan í ástarsorg. Það myndi vera í mótsögn við söguþráðinn ef hann stykki upp í rúmið með hverri sem er,“ segir hann. „Þessi mynd er búin og við sjáum til hvort það verður ekki meiri nekt í næstu mynd.“ Bætur hann því við að því miður hafi ekki heldur verið pláss hvorki fyrir vopnin né persónuna Q, sem John Cleese hefur leikið.

Í fyrsta sinn í sögu Bond segir hann ekki einkennissetningu sína: „Ég heiti Bond, James Bond“. „Nei, við tókum það upp en það virkaði ekki,“ segir Craig. „Það passaði ekki inn í og var kjánalegt. Þetta leit út eins og við hefðum sett setninguna inn á of meðvitaðan hátt og þannig vil ég ekki hafa það. En ég elska þessa setningu og ég er alls ekki á móti því að hún sé sögð. Í næstu mynd vil ég hafa Martini-setninguna og allar þessar setningar inni því mér finnst að þær eigi að vera í öllum Bond-myndum.“

## Breskur í hjarta sínu

Craig segir að lagt hafi verið upp með að

*Quantum of Solace* yrði raunsæ og nútímaleg, en þó með tilvísun í gömlu Bond-myndirnar. Hvort Bond sé að verða sífellt alþjóðlegri á kostnað breskra eiginleika hans segir Craig: „Ég er ekki að reyna að leika hann þannig. Í hjarta sínu er hann mjög breskur en hann hefur samt þessa mórölsku staðfestu sem hefur kannski að gera með hvernig okkur öllum líður innanbrjósts. Vonandi er hann samt bara hetja sem veit hverjir vondu karlarnir eru og ætlar sér að ná þeim.“

55 þúsund Íslendingar sáu *Casino Royale* og kann Craig vel að meta vinsældirnar hér á landi. Hann segist þó ekki átta sig á alþjóðlegum vinsældum Bond. „Í upprunalegu myndunum sem ég horfði á fóru þeir með Bond á staði sem ég hafði ekki séð áður. Við reyndum að gera það líka með þessa mynd þannig að áhorfendur færu í ferðalag um heiminn. Ef myndin höfðar til allrar heimsbyggðarinnar er það enn þá betra, enda erum við alltaf að stefna að því.“

## Kæstur hákarl á Íslandi

Craig heimsótti Ísland í byrjun áratugarins en hann lék Alex West í *Lara Croft: Tomb Raider* á móti Angelinu Jolie. Tökur fóru fram í Jökulsárlóni og dvaldi Craig á landinu í um tvær vikur. „Það var alveg ótrúlegt og þetta er einn minnisstæðasti tími lífs míns,“ segir hann og man sérstaklega eftir því er hann stakk upp í sig kæstum hákarli og drakk brennivín á eftir. „Ég hef ekki hugmynd um af hverju þið borðið hann en ég skil vel þá athöfn að borða hann og drekka síðan á eftir, það var gott,“ segir hann og hlær. „Við skoðuðum jökulinn og ég fór líka í hundasleðaferð. Þetta er stórkostlegur staður, einn sá fallegasti sem ég hef komið á og ég segi það af fullri einlægni.“

## Hvetur til sátta

Íslendingar og Bretar hafa deilt hart að undanförunu vegna Icesave-reikninganna og hvetur Craig þjóðirnar til að sættast sem allra fyrst. „Við virðumst alltaf lenda í einhvers konar rifrildi á nokkurra ára fresti og ég hef ekki hugmynd um af hverju. Við verðum að passa betur upp á hvert annað í staðinn fyrir að fara þessa leið. Ég vona að þetta leysist því þetta snýst allt um peninga og það síðasta sem við ættum að rífast út af eru peningar,“ segir hann. Spurður hvort Bond væri ekki kjörinn til að leysa deiluna segir Craig glottandi út í annað: „Ég veit ekki hvort bókhaldshæfileikar hans eru nógu góðir.“

Íslendingar hafa haft horn í síðu Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands, síðan hann nefndi Íslendinga í sömu andrá og hryðjuverkamenn og Craig kannast vel við málið. „Ég veit ekki hvað ég get sagt. Þetta snýst allt um hvar fólk geymdi peningana sína og fjárfesti. Allur heimurinn er í sárnum þessa dagana vegna þess að fólkíð sem sá um peningana gerði mistök. Ég á ekki von á því að þið og Gordon Brown sættist í bráð en ... ég veit ekki hvað skal segja. Þetta snýst bara allt um peninga.“

## Fjölskyldan mikilvæg

Þegar Craig er ekki að elta vondu karlana í bíó reynir hann að slappa eins mikið af og hann getur. „Ég eyði miklum tíma með fjölskyldu

og vinum, sem eru mikilvægustu manneskjurnar í mínu lífi. Ég les líka og horfi á þær bíómyndir sem ég hef misst af. Ég reyni líka að fara í leikhúsið eins mikið og ég get. Ég reyni bara að gera eins venjulega hluti og hægt er og ef ég mögulega get fer ég á staði þar sem fólk er ekkert að spá í James Bond. Það getur verið gott að fara eitthvað út í buskann og ná aðeins andanum.“

## Vill fleiri Bond-myndir

Næst á dagskrá hjá Craig er frekari kynning á Bond-myndinni auk þess sem kvikmyndin *Defiance* er væntanleg á næsta ári. „Ég ætla í frí í lok ársins. Ég fór í axlaráðgerð og er að jafna mig. Þannig að ég get ekki unnið núna sem er bara fínt. Það er gott að geta slappað af.“

Spurður hvort hann sé ekki með samning um að gera tvær Bond-myndir til viðbótar segir hann svo vera. Hann segir þó ekkert öruggt þegar kvikmyndabransinn er annars vegar. „Ég myndi endilega vilja gera aðra mynd en ég er raunsær. Við sjáum til hvernig þessi gengur en ég myndi endilega vilja leika í fleiri myndum.“

Viltu segja eitthvað

á lokum við aðdáendur þína á Íslandi? „Ég vona að þið njótið myndarinnar og fáið „kikk“ út úr henni. Marc Forster hefur gert frábæra hluti, myndin lítur vel út og tónlistin í henni er mögnuð. Leikararnir standa sig líka vel og myndin er mjög spennandi. Vonandi skemmtið þið ykkur vel.“

## → DANIEL CRAIG

- 1968 Daniel Craig fæðist 2. mars.
- 1972 Foreldrar skilja.
- 1988 Hefur nám við Guildhall-listaskólann í London.
- 1992 Kvæntist leikkonunni Fionu Loudon – eignast dótturina Ellu.
- 1994 Skilur við eiginkonu sína.
- 2001 Leikur í *Lara Croft: Tomb Raider* og veur alþjóðlega athygli.
- 2004 Tilnefndur til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna fyrir *Layer Cake*.
- 2005 Valinn sjötti Bond sögunnar.
- 2005 Leikur í *Munich* í leikstjórn Stevens Spielberg.
- 2006 Leikur James Bond í fyrsta sinn í *Casino Royale*.
- 2006 Kjörinn best klæddi karlinn af tímaritinu *Esquire*.
- 2007 Tilnefndur til Bafta-verðlaunanna fyrir *Casino Royale*.
- 2008 Leikur Bond í annað sinn í *Quantum of Solace*.

Ég hef ekki hugmynd um af hverju þið borðið hann [hákarl] en ég skil vel þá athöfn að borða hann og drekka síðan á eftir, það var gott

**DANIEL CRAIG**  
Breski leikarinn Daniel Craig fer með hlutverk James Bond í *Quantum of Solace* sem verður frumsýnd hérlendis 7. nóvember.

## Aðdáandi Liverpool

Daniel Craig ólst upp í fótboltaborginni Liverpool og er harður aðdáandi Liverpool sem situr á toppi ensku úrvalsdeildarinnar. Áttján ár eru liðin síðan liðið var efst í deildinni síðast og krossleggur Craig fingur í von um að stundin sé loksins að renna aftur upp.

„Ég er mjög ánægður með gengi þeirra og kannski eigum við möguleika á titlinum í ár. Ég vil samt ekki segja of mikið því ég vil ekki spilla þessu, en við spilum góða knattspyrnu.“ Íslendingar halda flestir með ensku fótboltaíði og viðurkennir Craig að hann hrífist af Arsenal rétt eins og blaðamaður. „Mér finnst Arsene Wenger vera frábær stjóri og þeir eru með öflugt lið. Þegar þeir eiga góðan leik spila þeir gullfallegan fótbolta.“

**LIVERPOOL** Daniel Craig er harður aðdáandi Liverpool og vonast eftir fyrsta deildartitli félagsins í áttján ár.







**ferðalög**

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

NÓVEMBER 2008

## Í HÚSUM SKÁLDSINS

*Heimili Pablos Neruda  
heimsótt í Chile*

## HEIMILDARMYND- HÁTÍÐ Í KÖBEN

*Anna María Helgadóttir  
listakona segir frá uppá-  
haldsstöðunum sínum*

# KÚRT Í KULDANUM

VETRARRÓMANTÍK OG VILLIBRÁÐ  
Á SVEITAHÓTELUM LANDSINS

+ SKÍÐAPARADÍS Á NORÐURLANDI, WARHOL SÝNING Í LONDON  
OG HEIMILDARMYNDHÁTÍÐ Í KAUPMANNAHÖFN



# MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

## KERTALJÓS OG KÓSIHEIT

Anna Margrét Björnsson skrifar

Margir nota tíma skammdegis á Íslandi til langferða þegar sumar er hinum megin á hnettinum. En nú þegar slík ferðalög eru enn kostnaðarsamari en þýðir ekkert að láta það stöðva ímyndunaraflid enda heilmikið hægt að gera á haustin á okkar kalda landi. Þrátt fyrir að birta og ylur sumarsins sé að baki og langir dimmir snjómánuðir framundan er þó eitthvað við skammdegið sem er afskaplega rómantískt. Þegar



veður er snarvitlaust utandyra er dásamlegt að hafa það notalegt með elskunni fyrir framan arineld, njóta góðs matar og víns og hvors annars. Í þessu tölublaði Ferðalaga skoðum við einmitt skemmtileg sveitahótel sem bjóða upp á falleg herbergi, dýrindis kræsingar og jafnvel heita potta sem

eru auðvitað dásamlegir sérstaklega á þessum árstíma. Hvað getur verið betra en að slaka á í heitu vatni undir stjörnuþjörtum himni og jafnvel dansandi norðurljósum? Og þrátt fyrir að þetta kunnist hljóma sem klisja þá mega karlmenn vita það fyrir vísit að arineldur, kampavín og sveitarómantik eru svo sannarlega leiðin að hjarta hverrar konu.

Svo er auðvitað tilvalið að nota sumarhústaðinn meira þó kalt sé úti. Bjóða fjölskyldu og vinum, elda saman góðan mat og fá sér hressandi gönguferðir í snjónum áður en maður hlýjar sér við eldinn. Hvernig væri nú að taka frí frá niðurdrepandi fréttatímum á síblyjunni, banna sjónvarps og útvarpstæki og taka frekar með skemmtileg spil og góðan anda? Slíkar samverustundir með vinum eða fjölskyldu eru ómetanlegar á þessum síðustu og verstu. Njótið nóvembermánaðar!

ferðalög kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjóri Anna Margrét Björnsson [amb@frettabladid.is](mailto:amb@frettabladid.is)

Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir

Forsíðumynd Hreindýr á vegg á Hótel Búðum. Mynd eftir Silju Magg.

Pennar Anna Margrét Björnsson, Vigdís Þormóðsdóttir

Ljósmyndir Fréttablaðið, Silja Magg

Auglýsingar Benedikt Jónsson [benediktj@365.is](mailto:benediktj@365.is)



Hressandi Fátt er skemmtilegra en að skella sér á skiði í Hlíðarfjalli þegar vel viðrar til þess.

## SNJÓR OG MENNING

Það er margt spennandi í boði á Akureyri hvort sem fólk hefur áhuga á útivist eða listum. Bærinn er því tilvalinn áfangastaður þeirra sem hyggjast fara í vetrarfrí.

Akureyrarbær er vel kunnur sem paradís fyrir iðkendur vetraríþróttu. Hafist var handa við snjóframleiðslu fyrir brekkur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli um miðjan október, en stefnt er að því að opna svæðið nú síðar í mánuðinum. Þeir sem áhuga hafa á vetraríþróttum geta því hugsað sér gott til glóðarinnar enda er aðstaða til skíða- og snjóbrettaiðkunar til fyrirmyndar í Hlíðarfjalli.

Lista- og menningarlífið á Akureyri hefur verið í mikilli sókn síðustu ár. Þeir sem hyggja á heimsókn norður nú á næstunni geta skoðað sýninguna Orð Guðs í Listasafninu á Akureyri. Þar sýna verk sín listamennirnir Étienne de France, Steingrímur Eyfjörð, Jeanette Castioni, Ólöf Nordal, Þóra Þórisdóttir og Arnaldur Máni Finnsson, en öll takast þau á einhvern hátt við kristna trú.



Leikfélag Akureyrar Músagildran er líklega vinsælasta sakamála-leikrit allra tíma. MYND/LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Ekki má leikhúslíf bæjarins verða útundan í þessari upptalningu, en Leikfélag Akureyrar sýnir um þessar mundir hið geysivinsæla og dularfulla leikrit Músagildruna eftir Agóthu Christie, sem



Nútímalist Þetta verk eftir Étienne de France kallast Síðasta kvöldmátiðin og er til sýnis í Listasafninu á Akureyri. MYND/LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

sýnt hefur verið í leikhúsi í Lundúnum óslitið í 56 ár.

Það þarf því enginn að láta sér leiðast þegar höfuðstaður Norðurlands er sóttur heim. - vþ

BÓKAÐU NÚNA

## HEIMAMAÐURINN

ANNA MARÍA HELGADÓTTIR LISTAKONA OG MEDLIMUR INGEN FRYGT

► Kaupmannahöfn

**UPPÁHALDSVEITINGASTADUR:** Fischer á Austurbrú. Hann er látlaus og heiðarlegur ítalskur veitingastaður sem býður upp á frábæran „trattoria“-mat sem er eldaður af David Fischer. Auk þess er hann ódýr.

**UPPÁHALDSBARINN:** Nýir barir eru alltaf að spretta upp og gamlir að loka en uppáhaldsstaðurinn minn til að fá mér drykk í ró og næði er The library bar í Plaza hótelinu. Einstaklega persónulegur og kósi staður og eitt best geymda leyndarmálið í Kaupmannahöfn.

**SKEMMTILEGASTA HVERFIÐ:** Norðurbrú; Blá-garðsgade, Ravensborggade, Elmegade. Þetta er eina hverfið í borginni sem aldrei sefur.

**EKKI MISSA AF:** Heimildarmyndahátíðinni CPH:DOX sem er stórkostleg. Alveg nauðsynlegt að sjá hverja einustu mynd og mæta í öll eftirpartíin. Hinn 13. nóvember kemur Kenneth Anger, leikstjóri Hollywood Babylon, Scorpio Rising og Lucifer Rising til að sýna



mynd og halda fyrirlestur. Hann segist ætla að deyja í ár og því sennilega síðasta tækifæri til að líta hann augum.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

## Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.

Alltaf ódýrast á netinu  
[www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)





# Okkur langar til London og Køben

Nú er rétti tíminn til að upplifa ljúfar stundir í Danmörku eða Bretlandi, heimsækja vini og ættingja eða bara fara út með þeim sem þér þykir vænt um! Bókaðu betra veður og góðar stundir á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

» Verð frá:

## 12.490 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar til og frá London, Kaupmannahöfn og Berlín.

## Iceland Express

með ánægju



*Mig langar til Køben, finnst hún algjörlega ómótstæðileg. Svo kíkir maður auðvitað í H&M til að fata sig vel upp fyrir veturinn.*

*Mig langar að hitta Siggu vinkonu sem er að læra arkitektúr úti í London. Það er æðislegt að ganga um göturnar og skoða þessa mögnuðu borg með henni. Jú, og versla auðvitað!*





Hótel Búðir



Hótel Rangá

# KÚRT Í KULDANUM

Nóvember er kjörinn mánuður til að eiga rómantískar og afslappaðar stundir fyrir utan bæjarmörkin. Hvernig væri nú að snæða villibráð með elskunni, fara í gönguferð í snjónum eða slaka á saman í heitum potti? **Anna Margrét Björns-son** fór á stúfana og athugaði hvaða freistingar eru í boði í aðdraganda jólaanna.

## Heillandi fegurð Hvalfjarðarins

Eftir byggingu Hvalfjarðarganga er fjörðurinn kominn úr alfaraleið og orðinn að vinsælli náttúruferlu skamman spöl frá höfuðborginni. Hótel Glymur stendur í kjarri vaxinni hlíðinni ofan við Saurbæjarkirkju og státar af stórfenglegu útsýni yfir kyrrlátan fjörðinn. Það væsir ekki um gesti þar sem öll herbergi eru sérhönnuð og á tveimur hæðum þar sem öll nútímaþægindi líkt og þráðlaust net og flatskjár eru til staðar. Á hótelinu eru tveir heitir pottar undir berum himni og þar er tilvalið að slaka á og horfa á norðurljósini. Í nóvember og desember eru spennandi gistipakkar í boði. Rökkur og rómantik er yfirskrift glæsilegs sælkerapakka þar sem boðið er upp á gistingu, þriggja rétta kvöldverð og gómsætt morgunverðarhlaðborð. Krydd og kossar er svipaður pakki þar sem tekið er á móti gestum með kanillkaffi og smákökum og hægt er að velja

um eina eða tvær nætur ásamt lokkandi matseðli, heitum potti og morgunverði. Að lokum má ekki gleyma jólaborði Glyms sem hreinlega svignar undan kræsingum, en þar er meðal annars að finna sleðadregið hreindýr, húsa-tóftakæfu, villijurtagrafinn lax, villisveppi og svartfugl ásamt sérstaklega völdum jólavínnum.

**Hótel Glymur**, Hvalfirði, sími 430 3100

## Dulúð Snæfellsjökuls

Hótel Búðir á Snæfellsnesi hefur ávallt verið vinsæll áfangastaður þegar fólk vill flýja skarkala borgarinnar í töfrandi umhverfið undir Jökli. Margrómað eldhúsið á Hótel Búðum bregst engum í nóvember en þá er slegið upp fimm rétta villibráðarveislu þar sem eldað er úrval af villtu kjöti, þar á meðal héri, svartfugl, hreindýr og gæs eftir kenjum kokksins. Eftir því sem nær dregur jólum verður matseðillinn hátíðlegri og betri stofan komin í jólabúning. Þar er

kjörið að dreypa á sérrí við arineldinn, slappa af og njóta stemningarinnar. Á Búðum er svo auðvitað tilvalið að skella sér í góðan göngutúr og njóta náttúruferðarinnar allt um kring, sem er ekki síður heillandi og dulúðug í skammdeginu.

**Hótel Búðir**, Búðum, Snæfellsnesi sími 435 6700

## Friður og ró við Rangá

Í um tveggja tíma keyrslu frá höfuðborginni er Hótel Rangá, sannkallað sveitahótel í alpastíl við árbakkann. Innandyra er sérlega hlýlegt en boðið er upp á falleg herbergi, mörg með nuddbakkari, og svo eru heitir pottar á veröndinni. Um þessar mundir er boðið upp á fimm rétta villibráðarveislu en þar er meðal annars að finna dásamlega rjúpusúpu, reyktan lunda með trufflusveppaolíu og fjórar tegundir af villtum fiski

Framhald á bls. 5

MINNEAPOLIS - ST. PAUL  
TORONTO  
ORLANDO  
BOSTON  
NEW YORK  
HALIFAX  
AKUREYRI  
REYKJAVIK  
HELSINKI  
STOKKHÖLMUR  
OSLO  
GAUTABORG  
BERGEN  
KAÚPMANNAHÖFN  
BERLÍN  
FRANKFURT  
MÜNCHEN  
AMSTERDAM  
GLASGO  
MANCHESTER  
LONDON  
MILANO  
PARIS  
BARCELONA  
MADRID

HUGURINN BER ÞIG ADEINS HÁLFA LEIÐ

**LONDON**

Frá kr. **15.500**\*

+ Bókaðu flug á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Í Shaftesbury Theatre er sæti fyrir þig. Ítalskur meistarakokkur við Duke Street hefur lagt á borð fyrir þig. Það er beðið eftir þér í Notting Hill.

Komdu í borgarferð til London. Lífvörður drottningar hefur æft vaktaskipti síðan á 19. öld og menn skilja ekkert í að þú skulir ekki hafa látið sjá þig enn þá.

Safnaðu Vildarpunktum | **VISA** | **MasterCard** | Ferðaávisun gildir

\*Flug aðra leiðina með sköttum.

WWW.ICELANDAIR.IS



## SALON REYKJAVÍK

## Langar þig að læra hárgreiðslu?

Þá er tækifærið hjá okkur. Við hjá Salon Reykjavík höfum mikinn faglegan metnað, fylgjumst vel með nýjungum í tísku og framþróun í fagi okkar fyrir utan að hafa að leiðarljósi að veita viðskiptavinum okkar þá bestu þjónustu sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að gerast hluti af þessum metnaðarfulla hópi þá skaltu svara þessari auglýsingu. salon@salon.is



## Félagsráðgjafi

Félagsráðgjafi óskast til afleysinga á geðsviði í 6 mánuði frá og með 15. nóvember 2008 eða eftir samkomulagi. Reynsla og áhugi á fjölskylduvinnu og fjölskyldumeðferð æskileg. Starfið byggir á heildarsýn, þar sem fram fer sál-félagsleg greining, ráðgjöf, meðferð og stuðningur. Unnið er með öðrum fagstéttum í þverfaglegum teymum og rík áhersla lögð á samvinnu sem og sjálfstæð vinnubrögð. Valið verður úr hópi umsækjenda á grundvelli viðtala og framlagðra gagna.

Umsóknir berist fyrir 17. nóvember 2008 til Bjargar Karlsdóttur, yfirfélagsráðgjafa, Kleppi, netfang bjorgkar@landspitali.is og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 4200.

## Hjúkrunarfræðingar

Óskum eftir hjúkrunarfræðingum til að starfa með okkur á krabbameinslæknigadeild 11E. Starfshlutfall er samkomulag, tvískiptar vaktir í boði. Deildin er 14 rúma legudeild og starfar þar öflugt og áhugasamt starfsfólk sem er sérhæft í meðferð og hjúkrun sjúklinga með krabbamein. Hjúkrunin er einstaklingshæfð, áhersla er á fjölskyldu-hjúkrun og teymisvinnu. Í boði er góð starfsaðlögun með reyndum hjúkrunarfræðingum, fræðsla og stuðningur. Lögð er áhersla á markvissa starfsþróun og gagnreynda starfshætti. Gildi hjúkrunar á sviðinu eru: Heilindi, þróun og fagmennska.

Umsóknir berist fyrir 17. nóvember 2008 til Steinunnar Ingvarsdóttur, deildarstjóra 11E, netfang steining@landspitali.is og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 6216/10.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublið fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksstötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarad þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali er reyklaus vinnustaður



Atvinna

## Verkefnastjóri vefmála

**Tryggingamiðstöðin auglýsir starf verkefnastjóra vefmála. Starfið heyrir undir forstöðumann markaðs- og kynningarmála á samskiptasviði TM.**

## Hæfniskröfur

- // Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- // Mjög góð íslenskukunnátta og færni í rituðu máli
- // Nákvæmni í vinnubrögðum
- // Þekking og reynsla af HTML og umbrotsforritum (Quark / Indesign)
- // Brennandi áhugi á markaðsmálum
- // Hæfni í mannlegum samskiptum

## Starfssvið

- // Mótun og þróun vefstefnu TM
- // Umsjón og ábyrgð á ytri vef TM
- // Þátttaka í mótun á innri vef félagsins
- // Samskipti við undirverktaka
- // Aðkoma að hönnun og uppsetningu kynningarefnis TM
- // Önnur tilfallandi verkefni tengd markaðsmálum félagsins

Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði og metnaði og geta unnið sjálfstætt.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með **10. nóvember nk.** Umsóknir skal senda á netfangið [starf@tm.is](mailto:starf@tm.is). Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað. Stefán S. Gunnarsson, [stefang@tm.is](mailto:stefang@tm.is), veitir frekari upplýsingar um starfið.

TM er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuáðstöðu.

„Ef þú ert tryggður – þá færðu það bætt“ er loforð TM til viðskiptavina um sanngjarna og hraðvirka tjónþjónustu. Starfsmenn TM hafa sérfræðiþekkingu í að aðstoða viðskiptavina vegna óhappa og hafa hjálpað fólki í gegnum erfiðleika í yfir 50 ár. Við erum þess fullviss að hvergi er betur staðið að slíkri þjónustu.

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / [tm@tm.is](mailto:tm@tm.is) / [www.tm.is](http://www.tm.is)

## » Ráðningarþjónusta

## Forstöðumaður starfsmannadeildar

Staða forstöðumanns starfsmannadeildar Vegagerðarinnar er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

## » Starfssvið

- Er yfirmaður starfsmannadeildar og hefur yfirumsjón með verkefnum deildarinnar
- Rekstur mannauðskerfa, umsjón með stöðhandbók og viðhald verklagsreglna
- Aðstoð við ráðningar starfsmanna
- Vinna við gerð stofnanasamninga
- Umsjón með fræðslumálum

## » Menntunar- og hæfniskröfur

- Lokið 90 eininga háskólaprófi og viðbótarmenntun í mannauðsstjórnun
- Reynsla af launavinnslu æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er.



Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Nánari upplýsingar veita Hulda Helgadóttir ([hulda@hhr.is](mailto:hulda@hhr.is)) og Sigurborg Þórarinsdóttir ([sigurborg@hhr.is](mailto:sigurborg@hhr.is)) hjá HH Ráðgjöf Ráðningarþjónustu í síma 561 5900. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu HH Ráðgjafar [www.hhr.is](http://www.hhr.is) og umsóknarfrestur er til og með **10. nóvember n.k.**







Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## Stjórnandi Heimaþjónustu Reykjavíkur

**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir lausa til umsóknar stöðu stjórnanda Heimaþjónustu Reykjavíkur.**

Frá og með 1. janúar 2009 er stefnt að sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavík undir stjórn Reykjavíkurborgar. Í ljósi þess verður stofnuð ný skipulagseining á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, "Heimaþjónusta Reykjavíkur". Stjórnandi Heimaþjónustu Reykjavíkur mun veita þessari einingu forstöðu.

### Starfssvið:

- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á starfssemi Heimaþjónustu Reykjavíkur.
- Ábyrgð á framkvæmd samþykkrar stefnumörkunar á sviði heimaþjónustu og heimahjúkrunar.
- Ábyrgð á að þjónustan sé aðgengileg, sveigjanleg og samræmd.
- Ábyrgð á fjárhagsáætlanagerð, daglegum rekstri og starfsmannahaldi.
- Þróun og innleiðing nýrra hugmynda, leiða og úrræða í þjónustu heim.
- Samskipti við stofnanir, íbúa og hagsmunasamtök.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg.
- Þekking og reynsla á sviði heilbrigðis- og/eða félagsvísinda.
- Þekking og reynsla í stjórnun, rekstri og starfsmannahaldi æskileg.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þekking og reynsla af starfi í heimaþjónustu og/eða heimahjúkrun er kostur.

Launakjör skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) fyrir **14.nóvember nk.**

Nánari upplýsingar veitir Lóa Birna Birgisdóttir starfsmannastjóri í síma 411-1111 netfangið: [loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is](mailto:loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## Forstöðumaður hjá Vinnumálastofnun á Norðurlandi eystra

### Starfssvið:

- Dagleg stjórnun og rekstur þjónustuskrifstofunnar á Akureyri.
- Skipulag vinnumarkaðsúrreka og þjónusta við atvinnuleitendur.
- Gerð starfsáætlana og stefnumótun í samráði við Vinnumarkaðsráð Norðurlands eystra og yfirstjórn stofnunarinnar.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólanám á sviði félagsvísinda eða rekstrarfræða.
- Starfsreynsla í stjórnunarstörfum.
- Góð þekking og kunnátta í framkvæmd stjórnsýslu laga, persónuverndarlaga, upplýsingalaga og öðrum lögum er opinberan rekstur varðar.
- Góð þekking og reynsla af vinnumarkaðsmálum.
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli.
- Gerð er krafa um samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði.

Starfsmenn skrifstofunnar á Akureyri eru sjö talsins og forstöðumanns biður að sinna krefjandi verkefnum í hópi jákvæðra og framtakssamra samstarfsmanna.

Um er að ræða fullt starf og eru laun greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar [www.vinnu-malastofnun.is](http://www.vinnu-malastofnun.is)

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Hugrúnar B. Hafliðadóttur, starfsmannastjóra, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið [hugrun.hafliadottir@vmst.is](mailto:hugrun.hafliadottir@vmst.is)

Umsóknarfrestur er til 16. nóvember 2008. Öllum umsóknum verður svarað.

**Nánari upplýsingar gefa Gissur Pétursson, forstjóri og Hugrún B. Hafliðadóttir í síma 515 4800.**



Akraneskaupstaður

## Sérkennari óskast

Við Brekkubæjarskóla er laus 1/1 staða sérkennara frá 1. janúar 2009

### Nánari upplýsingar veitir:

Ambjörg Stefánsdóttir, skólastjóri, netfang: [ambjorg.stefansdottir@akranes.is](mailto:ambjorg.stefansdottir@akranes.is). Sími skólans er 433 1300

Brekkubæjarskóli er heildstæður grunnskóli með u.þ.b. 430 nemendum í 1. - 10. bekk.

Skólafelag Brekkubæjarskóla er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að velliðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi. Verið velkomin til að kynna ykkur aðstæður í skólanum, vefang: [www.brak.is](http://www.brak.is)

Umsóknarfrestur er til 14. nóvember n.k.. Umsóknir berist til Brekkubæjarskóla, Vesturgötu 120, 300 Akranesi.



KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

### Félagsþjónusta Kópavogs:

Dvalarheimilið Gullsmára 11

- Sjúkraliði – hlutastarf

ÍTK – Íþrótt- og tómstundaráð

- Fónix, félagsmiðstöð, frístundaleiðbeinandi

### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Hjallaskóli:

- Stuðningsfulltrúi

### LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

*Kynnið ykkur launakjör í leikskólum í Kópavogi*

**Dalur: 554 5740**

- Leikskólakennari 100% starf frá áramótum

**Fífusalir: 570 4200**

- Leikskólakennarar
- Leikskólakennari/leiðbeinandi, skilastaða

**Hvarf: 570 4900**

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar/leiðbeinendur
- Sérkennslustjóri, sem fyrst

**Núpur: 554 7020**

- Leikskólakennarar

**Rjúpnahæð: 570 4240**

- Leikskólakennari á deild/sérkennsla

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**

- Leikskólakennarar

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) og [job.is](http://job.is)

# Starfsmaður í mótuneyti

Skýrr auglýsing eftir starfsmanni í mótuneyti fyrirtækisins í Ármúla 2. Unnið er virka daga frá kl. 09:00-15:00. Skýrr sækist eftir orkumiklum og jákvæðum einstaklingi sem hefur áhuga á mat og matreiðslu. Viðkomandi þyrfti að hefja störf fljótlega.

### Starfslýsing

- Aðstoða matreiðslumann við matseld og salatbar
- Afleysing fyrir matreiðslumann ef hann forfallast, með léttri matseld
- Tiltekt veitinga fyrir fundi, námskeið og tilfallandi uppákomur
- Umsjón með kaffivélum og eldhúskrökum í húsinu
- Frágangur og þrif á salatbar, í eldhúsi og matsal
- Móttaka og frágangur á vörum

- Létt uppvask
- Önnur tilfallandi störf

### Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Áhugi á mat og matreiðslu
- Jákvæðni og frumkvæði
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs, í síma 569 5100 eða gegnum netfangið [ingibjorg.odinsdottir@skyr.is](mailto:ingibjorg.odinsdottir@skyr.is). Eyðublöð fyrir umsóknir er að finna á vefsvæði Skýrr, [www.skyrr.is](http://www.skyrr.is). Vinsamlegast látið mynd fylgja umsókn og tilgreinið alla reynslu sem nýtist í starfinu.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

**Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 6. nóvember næstkomandi.**

Allt á einum stað





**Pizza Bakari til Austur-Grænlands**

Arctic Wonderland Tours í Tasiilaq óskar eftir vönum pizzuzerðarmanni til að aðstoða við uppbyggingu og rekstur pizzastaðar í bænum. Um er að ræða 2 mánaða samning í byrjun með möguleika á framlengingu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf nú þegar.

*Innifalið í ráðningarsamningi er friar flugferðir, fæði og húsnæði.*

Nánari upplýsingar á [www.arcticwonder.com](http://www.arcticwonder.com)  
Arctic Wonderland Tours  
Sími 00 299 981 293 - Mike eða Per.  
Eða tölvupóstur: [mike@arcticwonder.com](mailto:mike@arcticwonder.com)

Kartöfluverksmiðja Pykkvabæjar hf.  
Austurhrauni 5 Garðabæ

**Pykkvabæjar****Óskar eftir að ráða sölumann /bílstjóra.**

Umsækjandi þarf að vera stundvís, snyrtilegur í umgengi og hafa réttindi á 5 tonna sendibíla eða meirapróf

Skriflegar umsóknir sendist í  
Austurhraun 5, 210 Garðabæ á fax 564 1235  
eða pósthfang [fridrik@karto.is](mailto:fridrik@karto.is)  
þar sem kemur fram ferilskrá og meðmælendur.

Aðeins tekið við skriflegum umsóknum.

**ÚRA- OG SKARTGRIPAVERSLUN ÓSKAR EFTIR STARSKRAFTI Í FULLT STARF.**

Starfsmaður þarf að vera stundvís, röskur og snyrtilegur. Hafa góða þjónustulund og framtakssemi. Umsóknir með mynd berist til [bjorn@meba.is](mailto:bjorn@meba.is)

Upplýsingar í síma 821 1308

**LISTASAFN ÍSLANDS  
NATIONAL GALLERY OF ICELAND****DEILDARSTJÓRI SÝNINGAÐEILDAR**

Laus er til umsóknar staða deildarstjóra sýningaæildar Listasafns Íslands. Um er að ræða fullt stöðugildi og eru launakjör skv. launakerfi opinberra starfsmanna.

Sýningaæild ber ábyrgð á framkvæmd allra sýninga á vegum safnsins, innan þess sem utan.

Deildarstjóri sýningaæildar annast stjórn verkefna og hefur umsjón með verkefnum er lúta að sýningum, þ.á.m. kostnaðaráætlun. Kostur er að viðkomandi þúi yfir viðtæki reynslu af skipulagningu og uppsetningu sýninga.

Starf deildarstjóra kallar á frumkvæði, sjálfstæði í starfi og stjórnunarhæfileika, lipurð í mannlegum samskiptum auk kunnáttu til að skipuleggja og skapa stórar og smáar sýningar.

Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólapróf í listfræði eða skyldum greinum og hafi þekkingu á þróun nútíma- og samtímalistar.

**Skriflegar umsóknir, ásamt lýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast Listasafni Íslands til og með 22. nóvember 2008, merktar Deildarstjóri sýningaæildar.**

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldór Björn Runólfsson safnstjóri í síma 515 9600 eða [halldorbjorn@listasafn.is](mailto:halldorbjorn@listasafn.is).

**Einbýlishús til leigu**

Einbýlishús með 4 svefnherbergjum til leigu í Þorlákshöfn. Nánari uppl. í síma 893 7389 eða [agv@centrum.is](mailto:agv@centrum.is)

**ÚTBOÐ / TILBOÐ**

Stjórn húsfélags Hrafnhóla 6-8 óskar eftir tilboði í viðgerð á klæðningu húsin, er um hluta gafls að ræða ca. 32 fm. Húsið er álklætt.

Ahugasamir sendi tilboð á [hksig@simnet.is](mailto:hksig@simnet.is) fyrir 6.nóv 2008, tilkynna skal verð og hvenær viðgerð geti hafist.

**STÓRN HÚSFÉLAGS HRAFNHÓLA 6-8.**

**ÚTBOÐ**

**Sólland duftreitir í Fossvogi Jarðvinna, lagnir og yfirborðsfrágangur.**

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæma óska eftir tilboðum í verkið Sólland duftreitir í Fossvogi.

Helstu magntölur:

Gröftur	1.900 m <sup>3</sup>
Fylling	3.500 m <sup>3</sup>
Drenlagnir	450 m
Vatnslagnir og ídráttarrör	2.500 m
Steyptar stéttir	2.000 m <sup>2</sup>
Hellulögn	1.100 m <sup>2</sup>
Malbikun	2.300 m <sup>2</sup>
Gróðursetning tré, runnar	950 stk
Fínjöfnun og sáning	25.000 m <sup>2</sup>

Verki skal lokið eigi síðar en 15. júlí 2009. Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma, Vesturhlíð 8 Reykjavík frá mánudeginum 3. nóvember, gegn 10.000 kr. skiltryggingu. Tilboð verða opnuð á sama stað fimmtudaginn 13. nóvember, 2008 kl. 1100.

**ÚTBOÐ****F.h. Reykjavíkurborgar:**

**Rammamningur um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum ásamt rekstrarvörum fyrir prentara, ljósritunarvélar og faxtæki, EES útboð nr. 12193.** Útboðsgögn, á geisladiski, verða seld á kr. 3.000. í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá kl. 13:00 miðvikudaginn 5. nóvember 2008. **Opnun tilboða: 14. janúar 2009, kl 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.** 12193

**Rammamningur um kaup þurrvöru, EES útboð nr. 12190.** Útboðsgögn, á geisladiski, verða seld á kr. 3.000. í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá kl. 13:00 miðvikudaginn 5. nóvember 2008. **Opnun tilboða: 27. nóvember 2008, kl 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.** 12190

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

**Fatahönnuður /Textilhönnuður**

Við leitum nú að færum og hugmynda- ríkum hönnuðum til að taka þátt í spennandi verkefni. Um er að ræða hönnun á fatnaði sem hægt er að nota á fleiri en eina vegu. Einnig leitum við að textilhönnun fyrir vöru sem er nú þegar í framleiðslu.

Hönnuðir munu fá góða kynningu sem felst í því að varan mun bera nafn hönnuðar, birt verður kynning á honum á vefsíðu Emami og á miða sem mun hanga á hverri flik.

Hönnun undir merki Emami er seld í þekktum tískuverslunum víðsvegar um Evrópu. Góðar greiðslur eru í boði fyrir réttu vörurnar. Áhugasamir sendi vefpóst á [emami@emamifashion.com](mailto:emami@emamifashion.com) [www.emamifashion.com](http://www.emamifashion.com)

EMAMI



Engjaskóli

**Deildarstjóri**

óskast til starfa við Engjaskóla frá 1. des 2008

Engjaskóli er heildstæður grunnskóli með rúmlega 300 nemendur í norðurhluta Grafarvogs. Sérstæða Engjaskóla er m.a.;

- Faggreinakennsla
- Öflug stuðningskennsla
- Áhersla á list- og verkgeinar
- Olweusarskóli - gegn einelti
- Gott foreldrasamstarf

Áhugasamir hafi samband við Jóhönnu Vilbergsdóttur, skólalastjóra í síma 664 8160/411 7600 eða [jsv@engjaskoli.is](mailto:jsv@engjaskoli.is). Einnig er vakin athygli á heimsíðu skólans [www.engjaskoli.is](http://www.engjaskoli.is).



Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

**Flensborgarar í framhaldsnámi**

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Fræðslusjóði Jóns Þórarínssonar. Fræðslusjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja til framhaldsnáms nemendur sem hafa lokið stúdentsprófi eða öðru lokaprófi frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.

**Umsóknarfrestur til 30. nóvember 2008.**

Nánari upplýsingar á <http://www.flensborg.is>

**Stjórn Fræðslusjóðs Jóns Þórarínssonar**



## BÍLAR & FARATÆKI

Motor sport



**Porskastríðs útsala!**  
Eigum ennþá nokkur hjól á verði sem sést ekki aftur. Xmoto 250cc tilboð 199 þús, áður 290 þús. Xmoto Pitbike 125cc, tilboð 129 þús, áður 178 þús. Hjálmar á lækkuðu verði.

**Mótorsport ehf**  
Síðumúla 34, 108 Reykjavík  
Sími: 567 1040  
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum  
www.motorogsport.is

100 bílar.is



HYUNDAI TUCSON 4X4, árg.1/2006, ek.118þús.km, beinsk, rafm. Rúður og speglar, CD, ofl. Ásett verð 1990 þús.kr! , ákv.1750þús.kr afb. 37 þús!

**100 bílar ehf**  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16  
www.100bilar.is

## Bílar til sölu



M. Benz 420SEC árg. '91 V8 sk. '09. Nýjir knastar ofl. V. 720þ. Skipti á ód. Toyotu koma til greina. S. 896 3044.



### Tilboð 370 þús!

Þann 10. nóvember er von á tvöfaldri safnplötu með lögum Péturs Kristjánssonar. Pétur, sem um áratugabil var holdtekja rokksins sjálfs á Íslandi, lést sviplega árið 2004 og hefur verið sárt saknað í bransanum síðan.

Á plötunni verða 42 lög frá öllum tímabilunum á ferli Péturs, allt frá fyrstu smáskífum sem hann gerði með Einari Vilberg árið 1970 og til tökulagaplötunnar Gamlar myndir með Kim Larsen-lögum, en sú plata kom út eftir andlát Péturs. Þarna á milli eru rokk- og popplög með Svanfríði, Pelican, Start og öllum hinum böndunum.

Pétur var langt kominn sjálfur með að velja lög á plötuna þegar hann andaðist. Því er þessi safnplata nánast alveg eins og hann hefði viljað hafa hana. Stór hluti laganna er að koma út í fyrsta skiptið á geislaflötu og einnig eru á safnplötunni átta lög sem ekki hafa verið gefin út áður.

Allir þeir sem koma að útgáfu safnplötunnar unnu með Pétri á sínum tíma. Steinar Berg skrifar inngang, Örn Smári Gíslason hannaði umslag og umsjón með útgáfu safnplötunnar var í höndum Höskuldur Höskuldssonar. Höskuldur hefur



34 ÁRA FERLI GERT SKIL Í 42 LÖGUM Umslag safnplötu Péturs Kristjánssonar, Algjör sjúkheit

að undanförunni verði aðaldrifkrafturinn í velheppnuðum endurútgáfum Senu, til dæmis stóð hann á bak við kassana með Sálinni og Þursunum.

Nafn safnplötunnar, Algjör sjúkheit, er mjög í anda Péturs. Hann var á sínum tíma innsti

koppur í búi plötuútgáfu Steinars og kokkaði upp safnplötunöfn á borð við Algjört skronster og Grimm dúndur. Stefán Hilmarsen kom með nafnið á safnplötuna eftir mikla yfirlegu. Hann grúkaði mikið í orðaforða Péturs á sínum tíma og spenn úr honum hinn ódauðlega texta lagsins „Krökurinn“.

drgunni@frettabladid.is

## Frestar plötu fram yfir áramót

Tónlistarmaðurinn Einar Tönsberg, eða Eberg, hefur ákveðið að fresta útgáfu plötu sinnar Antidode fram yfir áramót.

„Það er búið að vera svo mikið að gera. Ég var að gera nokkur lög fyrir Reykjavík Rotterdam, taka upp plötu fyrir breskan listamann, „sándtrakk“ í heimildarmynd og tónlist í fullt af auglýsingum,“ segir Einar, sem gefur plötuna út sjálfur hér heima. „Mér fannst líka vera þannig stemning að það væri ágætt að byrja á nýju ári með nýja plötu. Það er svo mikið brjálaði í gangi alls staðar.“

Breski listamaðurinn sem Einar vann fyrir nefnist Bird og er sellóleikari sem hefur unnið með honum áður. Platan þykir nokkuð óvenjuleg því öll lög eru leikin á

selló án þátttöku annarra hljóðfæra.

Annað tveggja laga Einars í Reykjavík Rotterdam, Niðurlönd, er sungið á íslensku í myndinni, sem er óvenjulegt því hingað til hefur hann gefið út á ensku. „Óskar var búinn að máta eitt lag á plötunni við enda myndarinnar og spurði hvort ég væri til í að hafa það á íslensku sem ég gerði. Þetta var undantekning en það var alveg gaman að þessu,“ segir hann.

Tvö ár eru liðin síðan síðasta plata Ebergs, Voff voff, kom út sem skartaði hinu vinsæla Inside Your Head. Vonsviknir aðdáendur hans þurfa því að bíða fram á næsta ár eftir nýju efni í stað þess að ylja sér við tóna hans fyrir þessi jól. - fb



EBERG Einar Tönsberg gefur plötu sína Antidode út á næsta ári. Tvö ár eru liðin síðan Voff, voff kom út. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 02. nóvember

#### → Kvikmyndir

**15.00 MÍR** sýnir tvær heimildarmyndir eftir rússneska kvikmyndagerðarmanninn Júri Salnikov í húskynnum MÍR, Hverfisgötu 105.

**Andspyrnubíó** - Pólitísk kvikmyndahátíð 31. okt.-2. nóv. í Kaffi Hljómalind, Laugavegi 23. Nánari upplýsingar [www.kaffihljomalind.org](http://www.kaffihljomalind.org)

#### → Umræður

**11.00 í kjölfar kreppu á kaffihúsi** Félag áhugafólks um heim-speki, Hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri verða með umræður á Bláu könnunni, Hafnarstræti 96, Akureyri.

#### → Fræðsla

**10.00 Fræðslumorgnarnar í Hallgrímskirkju** Katrín Jakobsdóttir ræðir um kriststöðu kirkjunnar og kristinnar siðfræði í nútímanum. Fræðslumorgnarnar fara fram í suðursal Hallgrímskirkju.

#### → Sýningar

Suðuramerísk menningarhátíð í Kópavogi

**15.00 Ekvador að fornu og nýju** Leiðsögn verður um sýninguna í Gerðarsafni, Hamraborg 4.

#### → Listamannsspjall

**15.00 Draugur á ID LAB** Huginn Þór Arason segir frá verki sínu Draugur á Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Verkið er hluti af sam-sýningunni ID-LAB.

#### → Uppákomur

**Leiðsögn og listasmíðja fyrir börn í Hafnarborg í tengslum við sýninguna Tveir Móðernistar - Þorvaldur Skúlason og Sigurjón Ólafsson.**

**14.00** Listasmíðja fyrir börn þar sem listaverkin eru skoðuð og skapað eitthvað nýtt.

**15.00** Gunnar J. Árnason listfræðingur verður með leiðsögn um sýninguna.

#### → Leiðsögn

**14.00 Ást við fyrstu sýn** Þóra Þórisdóttir listfræðingur verður með leiðsögn þar sem hún fjallar um verk Paulu Modersohn-Becker. Listasafn Íslands, Laufásvegi 12, opið alla daga nema mán kl. 11.00-17.00.

#### → Tónlist

**14.00 Tónlistardagskrá við kerta-ljós í Fossvogskirkju** Fram koma Keith Reeds, Helga Rós Indriðadóttir sópran, Lay Low og Magnús Ragnarsson ásamt kór Áskirkju.

**16.00 Kári Friðriksson** tenorsöngvari verður með tónleika til styrktar mæðrastyrksnefnd í Fella- og Hólakirkju, Hólabergi 88.

**17.00 Carmina Burana** Sex kórar undir stjórn Garðars Cortes, flytja verkið Carmina Burana í Íþróttahúsinu í Varmahlíð í Skagafirðinum.



**17.00 Rússneskar perlar** Söng- og ljóðadagskrá í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga 70. Fram koma: Guðrún Ásmundsdóttir leikkona, Árni Bergmann og sópransöngkonan Alexandra Chernyshova.

#### → Jazz

**Blús- og jazzhátíð Akraness** standur yfir í Bióhöllinni, Vesturgötu 27, um helgina.

**21.00 Jazzkvöld** Fram koma; Blús og jazzband Toska, Jazzband Andreu Gylfadóttur og JP3 Gítar Tríó.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)

## Óttast um Obama

Samuel L. Jackson óttast um líf Baracks Obama, verði hann kosinn næsti forseti Bandaríkjanna. Samkvæmt síðustu skoðanakönnunum hefur demókratinn Obama forskot á repúblíkanan John McCain og Obama nýtur mikils stuðnings stórstjarna á borð við leikarann Samuel L. Jackson.

Jackson óttast að Obama verði skotmark rasista um leið og hann sest í forsetastólinn á næsta ári, ef ekki fyrr. Hann segir að fyrr en síðar muni einhver setja út á að þeldökkur maður sé við völd í Hvíta húsinu og segir fólk óttast það, þó svo að margir láti eins og ekkert sé.



STYÐUR OBAMA Samuel L. Jackson óttast að Obama verði skotmark rasista verði hann kosinn næsti forseti Bandaríkjanna.

PanicProductions í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnir:

## PRIVATE DANCER

### Lokasýning

í kvöld, sunnudag, kl. 20

Sýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins Tryggðu þér miða núna! 568 8000 / midi.is

[www.panicproductions.is](http://www.panicproductions.is)

Höfundar og flytjendur: Margrét Sara Guðjónsdóttir Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Jared Gradinger



Borgarleikhúsið MENNTAMÁLARÁÐUNeytið Reykjavíkurborg



## Þjóðleikhúsið

Miðsala í síma 551 1200 og á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

### Hart í bak

Jökull Jakobsson

Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað þri. 4/11 kl. 14 uppselt

### Macbeth

William Shakespeare

sun. 2/11 örfá sæti laus Síðustu sýningar

### Utan gátta

Sigurður Pálsson

Snarskemmtileg sýning. ★★★★★ JVJ, DV lau. 1/11 örfá sæti laus

### Klókur ertu, Einar Áskell

Bernd Ogrodnik

Heillandi og krúttleg brúðsýning sun. 2/11 örfá sæti laus, sýningum að ljúka

### Skilaboðaskjóðan

Þorvaldur Þorsteinsson

og Jóhann G. Jóhannsson

Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna sun. 2/11 örfá sæti laus

### Sá ljóti

Marius von Mayenburg

Fimm sýningar á Smíðaverkstæðinu í nóvember. Tryggið ykkur sæti í tíma

[www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)



## &gt; Ice-T

„Ástin gerir heiminn betri en það þarf ástríðu til að halda honum á hreyfingu.“

Ice-T kom fyrst fram snemma á níunda áratugnum sem rappari og tónlistarmaður. Hann tók að sér stórt hlutverk í glæpamyndinni New Jack City sem kom út árið 1991 og hefur leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta síðan auk þess sem hann hefur talað inn á teiknimyndir og tölvuleiki. Ice-T leikur í þættinum Law & Order: SVU sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR ER ÓSÁTT VIÐ AUGLÝSINGU

### Þetta er vanhelgun, hrein og klár.

Aaaarrggg! Hvorn árátt er það eiginlega að fyrirstilla að nota sígilt lag með hinni frábæru hljómsveit Pixies til þess að auglýsa dagskrágerð Bylgjunnar, af öllum hlutum? Það hreinlega blæðir úr eyrum dyggra jaðarrokkara þegar ljúfir tónar „Here Comes Your Man“ blandast ofurhressum röddum Hemma Gunn og Simma og Jóa.

Póttí einhverjum snillingnum það góð markaðshugmynd að minna fólk á fertugsaldri á að það er ekki ungt lengur? Á níunda og tíunda áratugnum var fátt meira töff en að hlusta á Pixies; slíkir áhlustun fylgdi jafnframt fullkomin höfnun á gildum og afkálegrum menningu meginþorra almennings, og í því samhengi sérstaklega höfnun á hinni hressu og kátu Bylgju. Sannir Pixies-aðdáendur eru í sínum innsta kjarna gáfaðir, öðruvísi og dálítið misskildir, eða í það minnsta á skjön við foreldra sína. Á þeim árum sem liðið hafa frá gullöld Pixies hafa



Bylgjan þarf að taka sig á.

flestir aðdáendur sveitarinnar væntanlega linast í afstöðu sinni til umheimsins og foreldra sinna og jafnvel farið í skóla og lært eitthvað uppbyggilegt og skynsamlegt eins og lögfræði. Pixies-áhangendur gærdagsins eru í dag með há kollvik, ístru, appelsínuhúð og æðaslit og eyða mestum sínum tíma í að vinna á skrifstofu eða að skutla börnum til og frá. En innra með þeim öllum leynist enn þessi djúpi, sanni jaðarrokk-kjarni sem minnir á ágæti öðruvísi hugsunar og er því, eða ætti í það minnsta að vera, heilagur. Honum má ekki blanda saman við minningar um Bylgjulestina.

En kannski er Pixies-væðingin fyrsta skrefið í nýju markaðsáttakeri Bylgjunnar, þar sem stöðin reynir að skapa sér meira töff ímynd. Það er samt ekki töff að bjóða bara upp á eina útvarpskonu til að veita töff á móti heilli hjörð útvarpskarla.

## EKKI MISSA AF



▶ **16.00 Formúla 1, BEINT**  
STÖÐ 2 SPORT



▶ **18.00 Stundin okkar**  
SJÓNVARPIÐ



▶ **19.10 Mannamál** STÖÐ 2



▶ **20.00 Magíck** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50 Swingtown** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næstgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófurforvitni, Stjáni, Síngildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi, Sigga lígga lá, og Lára.

**11.05 Gott kvöld** (e)

**11.55 Viðtalið** (e)

**12.30 Silfur Egils**

**13.55 Líf með köldu blóði** (1:5) (e)

**14.45 Martin læknir** (1:7) (e)

**15.35 Fagra Beirút** (Beautiful Beirut) (e)

**16.35 Basarinn í Urfa** (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Risto** (7:13) (e)

**17.35 Bréfið Leikin barnamynd frá Kína.**

**17.50 Risto** (8:13) (e)

▶ **18.00 Stundin okkar** Fjölbreytt og skemmtilegt efni fyrir yngstu börnin. Um-sjónarmaður er Björgvin Franz Gíslason.

**18.30 Spaugstofan** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** Eva María ræðir við Erlu Bolladóttur.

**20.25 Sommer** (Sommer) (1:10) Dansk-ur myndaflokkur. Jakob kemur heim frá Mal-aví í 65 ára afmæli pabba síns, Christians. Hann þykist sjá að eitthvað sé að plaga pabba hans og reynir að komast að því hvað það er.

**21.25 Gamalt Áramótaskaup**

**22.20 Hringiða** (Engrenages) (5:8) Franskur sakamálamyndaflokkur.

**23.10 Silfur Egils** (e)

**00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

## BIÓ

**08.00 Garfield 2**

**10.00 Johnny Dangerously**

**12.00 The Shaggy Dog**

**14.00 Rebound**

**16.00 Garfield 2**

**18.00 Johnny Dangerously**

**20.00 The Shaggy Dog** Fjölskyldumynd með Robert Downey Jr., Tim Allen, Kristin Davis í aðalhlutverkum.

**22.00 See Arnold Run**

**00.00 Fun With Dick and Jane**

**02.00 Dirty Deeds**

**04.00 See Arnold Run**

**06.00 The Madness Of King George**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Kalli á þakinu, Hlaupin og Lalli.

**08.05 Algjör Sveppi** Fíff, Doddi litli og Eymastór, Svampur Sveinsson, Áfram Diego Afram!, Könnuðurinn Dóra.

**09.50 Duma**

**11.30 Latibær** (12:18)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Neighbours**

**12.50 Neighbours**

**13.10 Neighbours**

**13.30 Neighbours**

**13.50 Neighbours**

**14.15 Chuck** (9:13)

**15.00 Eldsnöggt með Jóa Fel** (2:10)

**15.35 Logi í beinni**

**16.25 The Daily Show. Global Edition**

**16.55 Oprah**

**17.40 60 mínútur - NÝTT**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

▶ **19.10 Mannamál** Sigmundur Emir Rúnarsson fær til sín góða gesti og fjallar um málefni liðandi stundar, menninguna og allt þar á milli á mannamáli.

**19.55 Sjálfstætt fólk** (7:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlæsisviðtalsþætti þjóðarinnar.

**20.30 Dagvaktin** (7:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremminganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun.

**21.05 Numbers** Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsóknar.

**21.50 Fringe** (4:22) Olivia Dunham alríkisfulltrúi og vísindamaðurinn Peter Bishop þurfa að sameina krafta sína við að útskýra röð af óútskýrðum fyrirbærum sem ógna mannkyninu áður en það verður of seint.

**22.40 60 mínútur - NÝTT**

**23.25 Grey's Anatomy** (2:24)

**00.10 Journeyman** (3:13)

**00.55 Mannamál**

**01.35 Fahrenheit 9:11**

**03.40 Duma**

**05.20 Dagvaktin** (7:12)

**05.50 Fréttir**

## SPORT

besta sætið

**08.00 Spænski boltinn** Útsending frá leik Malaga og Barcelona.

**09.40 Spænski boltinn** Útsending frá leik Valencia og Racing.

**11.20 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótonum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**12.00 Evrópumótardöðin í golfi** Bein útsending frá Volvo Masters mótinu.

▶ **16.00 Formúla 1 2008** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Brasilíu en Lewis Hamilton og Felipe Massa berjast um heimsmeistaratitilinn.

**19.15 Bardaginn mikli** Muhammad Ali vs. Joe Frazier.

**20.20 F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndverri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál liðandi keppni og þau krufin til mergjar.

**21.00 NFL deildin** Bein útsending frá leik New York Giants og Dallas Cowboys í NFL deildinni.

**00.00 Formúla 1 2008** Útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Brasilíu.

## SPORT 2

enski boltinn

**08.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Sunderland.

**10.30 PL Classic Matches** Newcastle - Chelsea, 1995.

**11.00 PL Classic Matches** Sheffield - Coventry, 1995.

**11.30 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**12.00 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.

**13.10 Enska 1. deildin** Bein útsending frá leik Derby og Nottingham Forest.

**15.15 PL Classic Matches** Blackburn - Chelsea, 2003.

**15.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Bolton og Man. City í ensku úrvalsdeildinni en Grétar Rafn Steinsson er væntanlega í liði Bolton í dag.

**18.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Fulham.

**19.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Tottenham og Liverpool.

**21.20 4 4 2**

**22.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og Hull.

## SKJÁREINN

**12.45 Vörutorg**

**13.45 Moto GP - Hápunktur** (18:18) Sýndur svipmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.

**14.45 Dr. Phil** (e)

**15.30 Dr. Phil** (e)

**16.15 America's Next Top Model** (e)

**17.05 Innlit / Útlit** (6:14) (e)

**17.55 How to Look Good Naked** (e)

**18.45 Singing Bee** (7:11) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (21:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Robin Hood** (11:13) Fógetinn hefur úthýst íbúum Locksley til að hýsa her mála-líða. Hrói og útlagamir freista þess að bjarga málnum en rekast á sendiboða konungs sem er með annað verkefni fyrir þá.

**21.00 Law & Order. Special Victims Unit** (12:22) Fin reynir að finna raðnaudgára eftir að sonur hans biður hann að hjálpa stelpu á heimavistinni hans. Förmálamið og foreldrar hennar vilja ekki tala við lögregluna en þegar annari konu er nauðgöngd fer Fin á stúfana og vinnur með lögreglu úr öðru hverfi við að góma nauðgarann.

▶ **21.50 Swingtown** (12:13) Ögrandi þáttaröð sem gerist þegar kynlífsbyltingin stóð sem hæst og frjálssar ástir og maka-skipti urðu vinsæl tömstundariðja í rötgrón-um úthverjum. Roger og Susan undirbúa óvænta afmælisveislu fyrir fyrir Janet en það er fleira óvænt sem kemur upp á við undirbúninginn.

**22.40 CSI. Miami** (6:21) (e)

**23.30 30 Rock** (8:15) (e)

**00.00 Jay Leno** (e)

**00.50 Jay Leno** (e)

**01.40 Vörutorg**

**02.40 Óstöðvandi tónlist**

## SIJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Ólafur Darri er

# ANNAR MAÐUR

Nýtt leikrit eftir Brian FitzGibbon í leikstjórn Eddu Heiðrúnar Backman

Útvarpsleikhúsið Rás 1 í dag kl. 14.00

RÁS 1

www.ruv.is



## Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 17.40 OG 22.35

## 60 Mínútur

Vetrarvertíðin er loksins hafin hjá fremsta og virtasta fréttaskýringateymi veraldar – genginu sem stendur að baki og leggur til fréttaskýringar fyrir 60 Minutes.

Allt síðan 1968 hefur 60 Minutes tvímælaust verið fremstur allra fréttaskýringabátta og þó að talsverðar mannbreytingar hafi átt sér stað með brottfarir Mikes Wallace og Eds heitins Bradleys þá hefur þátturinn haldið sínum sessi. Af þeim sem enn þá eru viðloðandi þáttinn hefur Morley Safer verið lengst, eða frá 1970, en Andy Rooney hefur lesið lýðnum pistilinn frá árinu 1978. Stöð 2 frumsýn-



Ír nokkurra daga gamlan þátt á sunnudögum strax fyrir kvöldfréttir og er sami þáttur síðan endursýndur frá árinu 1978.

## ▶ VIÐ MÆLUM MED

## Útvarpsleikhúsið:

## Annar maður

RÁS 1 kl. 14.00

Útvarpsleikhúsið frumflytur nýtt leikrit eftir Brian FitzGibbon. Verkið segir frá miðaldra manni sem missir stjórna á eigin lífi þegar hann uppgötvar þykkildu aftan á hálsi sér og er sannfærður um að dauðinn sé á næsta leyti. Ólafur Darri Ólafsson leikur aðalhlutverkið en auk hans leika í verkinu Margrét Guðmundsdóttir, Jóhanna Vígdís Arnardóttir, Róbert Arnfinnsson, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Margrét Helga Jóhannsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Rúnar Freyr Gíslason og Halla Vilhjálmisdóttir. Edda Heiðrún Backman leikstýrir verkinu.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	16.08 Veðurfregnir
06.40 Veðurfregnir	16.10 Úr tónlistarlífinu
07.05 Morgunandakt	17.30 Úr gullkistunni
08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
08.05 Ársól	18.26 Seiður og hélog
09.03 Lárétt eða lóðrétt	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
10.05 Veðurfregnir	19.00 Óskastundin
10.15 Bókabæing	19.40 Öll þau klukkaköll
11.00 Guðsþjónusta í Selfoskirkju	20.30 Bláar nótur í bland
12.02 Hádegisútvarp	21.10 Orð skulu standa
12.20 Hádegisfréttir	22.07 Veðurfregnir
12.45 Veðurfregnir	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Fyrsti þriðjudagur í nóvember	22.15 Til allra átta
14.00 Útvarpsleikhúsið: Annar maður	23.00 Andrarímur
15.00 Hvað er að heyra?	00.07 Næturtonar
16.00 Síðdegisfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

15.30 Hollyoaks (46:26)

15.55 Hollyoaks (47:26)

16.20 Hollyoaks (48:26)

16.45 Hollyoaks (49:26)

17.10 Hollyoaks (50:26)

18.00 Seinfeld (17:22)

18.30 Seinfeld (18:22)

19.00 Seinfeld (5:24)

19.30 Seinfeld (6:24)

▶ 20.00 Magick (4:4) Barry og Stuart eru breskir töframenn sem eru þekktir fyrir óhugnalæg brögð og sjónhverfingar sem oftast en ekki fara fyrir brjóstið á áhorfandanum.

20.25 Twenty Four 3 (23:24) Saunders gefur upplýsingar um 10 af 11 vírus-sprengjum og Jack reynir að ná til þeirra 11 áður en hún spryngur. Wayne og Foxton leita leiða til að stöðva Sherry og gera hana ótrúverðuga.

21.10 Happy Hour (12:13) Henry Beckman ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfelskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

21.40 My Boys (7:22)

22.05 Næturvaktin (10:13)

22.30 Næturvaktin (11:13)

22.55 Seinfeld (17:22)

23.20 Seinfeld (18:22)

23.45 Seinfeld (5:24)

00.10 Seinfeld (6:24)

00.35 Sjáðu

01.00 Kenny vs. Spenny (8:13)

01.25 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

## INN

18.00 Hrafnæping Ingvi Hrafn Jónsson

19.00 Neytendavaktin Ragnhildur Guðjónsdóttir.

19.30 Óli á Hrauni Ólafur Hannesson

20.00 Mér finnst Ásdís Olsen

21.00 Vitleysan Þórhallur Þórhallsson og Eyvindur Karlsson

22.00 Hrafnæping Ingvi Hrafn Jónsson

23.00 Í nærveru sálar Kolbrún Baldursdóttir.

23.30 Katrín Júlíusdóttir

## DR 1

10.00 Dine, mine og vores børn 10.30 Plan dk 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 SPAM 11.55 Skum TV 12.10 Angora by night 12.35 Family Guy 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 13.45 Sommer 14.45 HåndboldSøndag 16.30 Sigurds Bjørnetime 17.00 Max 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.05 Ekspedition Borneo 19.00 Sommer 20.00 21 Søndag 20.40 SportNyt med SAS liga 20.55 Kinas stjálne børn 21.50 Columbo 23.15 Willy Brandts sidste dage

## MK1

10.00 Allehelgensgudstjeneste fra Korskirken i Bergen 11.00 Norge rundt 11.25 Ut i naturen 11.50 Jazz og kajakk 12.10 Presidentvalet. McCain mot Obama 14.05 Last Night of the Proms 2008 16.00 Kvitt eller dobbelt 17.00 Hvor er Alf! 17.15 Gubben og Katten 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.05 Den syngende bydelen 19.35 En livskraftig planet 20.25 Gymnaslærer Pedersen 22.20 Kveldsnytt 22.40 Rally-VM 2008 23.30 Uka med Jon Stewart 23.55 Kokain - fra jettsett til skolegård

## SVT 1

10.30 Plus 11.00 Debatt 11.45 USA-valet. Dixie Chicks. Shut Up and Sing 13.15 Anslagstavlan 13.30 Toppform 14.00 Dom kallar oss artister 14.30 Dansbandskampen 16.00 Rally-VM 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Leende guldbruna ögon 18.15 Hemliga svenska rum 18.30 Rapport 18.55 Regionala nyheter 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspegeln 20.15 Jekyll 21.10 VeteranTV 21.40 Lev ännu längre 22.10 Byss 22.25 Brottskod. Försvunnen 23.05 Carin 21:30

# Goran Superform á 6 vikum



## Nýtt á Íslandi Goran Superform matartaska!

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku sér hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

GORAN SUPERFORM er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

## VILT ÞÚ:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki. Takmarkaður fjöldi.

Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.

Persónuleg næringarráðgjöf.

Ráðgjöf við matarinnkaup.

Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.

Frábær spennandi lífrænn matur.

Næringardrykkur í lok hvers tíma.

Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni, kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 17:30.

## Skráðu þig strax í síma 578-8200 Námskeiðin byrja 3. nóvember!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is





## HVAD SEGIR MAMMA?

„Hún er mjög fjölhæf og hefur alltaf verið svo sjálfstæð, ábyrgðarfull og dugleg. Sem krakki var hún alltaf að horfa á matreiðsluþætti í sjónvarpinu og valdi það frekar en annað sjónvarpsefni þegar hún var sex, sjö ára. Hún gat horft á sömu þættina aftur og aftur og svo útbjó hún rosalega flotta rétti úr nánast engu.“



Sigrún Sætran um dóttur sína, Hrefnu Rósu Jóhannsdóttur Sætran. Hrefna á og rekur Fiskmarkaðinn og lenti í 10. sæti á Ólympíumóti matreiðslumeistara með íslenska kokkalandslíðinu.

## HIN HLIÐIN DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR KNATTSPYRNUKONA

## Dreymir um að komast á verðlaunapall á EM

**Hvað er að fréttu?** Hjá mér er helst fréttum að íslenska kvennalandsliðið í fótbolta hafi verið að vinna sér inn þátttökurétt í lokakeppni Evrópumótsins.

**Augnítur:** Blár.

**Starf:** Ég stunda nám í fjármálhagfræði við Háskóla Íslands en hef starfað hjá SP-Fjármögnun undanfarin sumur.

**Fjölskylduhagir:** Kærastinn minn heitir Tómas Árni Ómarsson. Foreldrar mínir eru Hildigunnur Sigurðardóttir og Lárus Ögmundsson. Systkini mín eru Lilja Karítas Lárusdóttir og Sigurður Egill Lárusson.

**Hvaðan ertu?** Fæddist í Vesturbænum en hef búið frá átta ára aldri í Fossvogi.

**Ertu hjátrúarfull?** Ekkert að ráði.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Fóstbræður, Friends og Stelpurnar.

**Uppáhaldsmaturinn:** Allt sem kemur úr höndunum á mömmu en jólamaturinn stendur upp úr.

**Fallegasti staðurinn:** Hlíðarendi.

**iPod eða geislasplari:** iPod.

**Hvað er skemmtilegast?** Vera með fjölskyldu, kærasta og vinum. Leiðist reyndar ekkert að vera ein með sjálfri mér heldur.

**Hvað er leiðinlegast?** Vakna snemma á morgnana og þurfa að skafa af bílnum.

**Helsti veikleiki:** Ég á það til að vera svolítið löt.

**Helsti kostur:** Mér finnst erfitt að

dæma um það sjálf en ég legg alla-vega mikið upp úr því að vera heiðarleg, sjálfstæð, traust og tillitssöm.

**Helsta afrek:** Komast á lokakeppni EM í knattspyrnu.

**Mestu vonbrigðin?** Núverandi staða Íslands í efnahagsmálum.

**Hver er draumurinn?** Komast á verðlaunapall á EM.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Ég get ekki gert upp á milli Sigga bróður, og Kjartans og Ilmar í Stelpunum. Jón Gnarr, Þorsteinn Guðmundsson og Helga Braga eru algjörir snillingar líka.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Óheiðarleiki.

**Hvað er mikilvægast?** Góð heilsa.



EFTIRSÓTTIR DANSHÖFUNDUR Margrét er höfundur og einn af dönsurum verksins Strength through embarrassment sem hefur verið sýnt vítt og breitt um Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Danshöfundur á fleygiferð um Evrópu

„Mér finnst svolítið fyndið að fara með verk sem heitir þessu nafni í ljósi þess að maður hefur heyrt að fólki hafi meðal annars verið hent út úr búðum í Danmörku,“ segir Margrét Bjarnadóttir, dansari og danshöfundur. Henni hefur verið boðið að sýna dansverk sitt Strength Through Embarrassment á dansháttíðinni Junge Hunde í Árósum sem fer fram 6. til 14. nóvember næstkomandi. Verkið var útskrifarverk Margrétar úr ArtEZ listaháskólanum í Hollandi 2006, en titill verksins hefur kannski aldrei átt jafn vel við og einmitt núna, ekki hvað síst fyrir Ísland í Danmörku.

„Allt í einu hafði þetta miklu meira vægi þegar þetta var komið í þetta samhengi. Við Íslendingar höfum verið þekkt fyrir tónlist, listir, skapandi og frjótt samfélag

svo mér finnst mikilvægt að listamenn haldi áfram að fara út. Mér finnst að sá þáttur samfélagsins megi alls ekki grotna niður þó svo að bankarnir geri það,“ segir Margrét sem hefur verið boðið á dansháttíðir vítt og breitt um Evrópu eftir að verk hennar var valið á dansháttíðina Resolution! í London í fyrra.

„Það er lúmskt mikil vinna að ferðast með svona verk. Með mér fara Jón Þorgeir Kristjánsson ljósa-hönnuður, bandaríski dansarinn Daniel Brown og þriggja manna hljómsveit. Við þjálfum svo sex manna hóp á hverjum stað fyrir sig því það væri erfitt að flytja alltaf sama hópinn, en hann kallast The Embarrassed Army og ræður í raun framvindu verksins,“ segir Margrét að lokum. -ag

RÚNAR HALLDÓRSSON: THE BOYS ORÐNIR FULLORÐNIR MENN

## Barnastjarna teiknar fyrstu skýjakljúfana í Danmörku

Langt er liðið síðan Rúnar og Arnar Halldórssynir slógu í gegn sem dúettinn The Boys. Síðasta platan þeirra kom út árið 1995 og ekki er von á kombakki.

Strákarnir láta nú til sín taka á öðrum vettvangi. Í föstudaginn var tilkynnt með viðhöfn um úrslit í einni stærstu arkitektasamkeppni sögunnar í Danmörku. Rúnar er í sigurliði arkitektastofu Stevens Holls í New York, sem hannaði tvo skýjakljúfa sem munu rísa á Norðurhöfn (Nordhavn) og verða eins konar hlið að Kaupmannahöfn.

„Við unnum fimm saman að þessu á stofunni en Steven Holl gekk svo sjálfur frá verkinu, eins og vaninn er,“ segir Rúnar. „Steven Holl er einn af frægustu arkitektum heims í dag og ég fór á stofuna hans í verknám eftir að ég hafði verið í skóla í Danmörku. Eftir verknámið réði hann mig í vinnu og ég er búinn að vera hér í ár. Ég ætla reyndar að klára skólann í Danmörku, fer þangað aftur í febrúar, og svo veit maður ekkert hvað tekur við.“

Vinningstillaga Rúnars og félagar verður hæsta íveru-byggingin í Danmörku, stærri turninn 113 metrar og 27 hæðir. Byggingarnar munu standa hvor sínu megin við hafnarmynnið og göngubru á 65 metra hæð verður á milli. „Það standa fjárfsterkir aðilar á bak við þetta en maður veit svo aldrei í þessu efnahagsástandi hvenær þetta verður tilbúið,“ segir Rúnar. „Þetta gæti tekið mörg ár í byggingu. En það mun sjást til Svíþjóðar úr turninum!“

Rúnar, sem nú er 28 ára, kann gríðarlega vel við sig í New York. „Ég bý í Williamsburg og maður er hálfgerður hipster hérna. Er



### BOYS-BRÆÐURNIR ARNAR OG RÚNAR LÁTA NÚ TIL SÍN TAKA Á NÝJUM SVIÐUM

Arnar er grafískur hönnuður en Rúnar lagði fyrir sig arkitektúr. Hann var í teimi hjá Steven Holl stofunni í New York sem sigraði í samkeppni um fyrstu skýjakljúfa Kaupmannahafnar. Þeir nefnast Langelinie og Marmorolen og rísa sitthvoru megin í hafnarmynni Nordhavn.

mikið í loft-partíum og hitti alls konar lið. Það er mikil deigla í listalífinu hérna. Ég á eftir að sakna borgarinnar rosalega.“

Hinn Boys-bróðirinn, Arnar, er nú 26 ára, býr á Íslandi og er grafískur hönnuður hjá Saga Film. „Við erum í miklu sambandi,“ segir Rúnar. „Hann er enn að



dúttla í tónlistinni og ég líka. Ég var í hljómsveit úti í Danmörku og við munum eflaust taka upp þráðinn þegar ég flyt þangað aftur. Það er nú bara eitthvað til að hafa gaman að. Ég held maður verði ekki atvinnupoppari úr þessu!“

drgunni@frettabladid.is

## Helgarsteik

Svínakótilettur með brúnuðum kartöflum, rauðkáli, baunum og sósu



695,-  
alla helgina  
milli 11:30 og 19:30

IKEA FOOD

## Halla komin með húsaskjól

„Ég er að passa sex herbergja hús fyrir minn. Fæ að vera hérna í einhvern smá tíma,“ segir leikkonan Halla Vilhjálmsdóttir. Hún hefur átt erfiðar stundir í London að undanförunu en eins og Fréttablaðið hefur greint frá stakk leigusali hennar af frá öllum sínum skuldbindingum og Höllu var hent út úr íbúðinni af fulltrúum fógetans í London. „Ég fékk loks að ná í dótið mitt í gær. Var að frá morgni til kvölds að pakka saman. Ég mátti ekki fá lykil að íbúðinni svo að þetta varð að klárast í einum rykk. Var alveg gjörsamlega búin á því eftir þetta,“ segir Halla og jánkur því að á köflum hafi hún alveg verið við það að bugast. „Það féllu tár á köflum,“ segir hún og ljóst að húsneðismálið hefur tekið sinn toll. Höllu hefur þar að auki ekki gefist tækifæri til að fara í prufur sem eru lífsnauðsynlegar fyrir leikara í atvinnuleit.

Leikarinn sem sá sig aumur á Höllu heitir Michael Klesic. Og er



nokkuð þekktur í Bretlandi. Lék meðal annars lítið hlutverk í Children of Men og leikur um þessar mundir í Law & Order: London. Halla og hann eru gömul skólasystkini og hafa auk þess sama umboðsmanninn. Leikkonan seinheppna segist þó ekki vera á þeim buxunum að gefast upp en hyggst aftur á móti koma heim til Íslands um jólin og dveljast hér á landi um stundarsakir. „Ég ætla að njóta þess að eiga einhvers staðar heima.“ - fgg

HRAKFAIRIR HÖLLU Fyrst greindi Fréttablaðið frá því að henni hefði verið hent út úr íbúð sinni. Svo að leigusali væri stunginn af. Nú er Halla hins vegar komin með húsaskjól.



# 15% afsláttur af allri gjafavöru í dag, sunnudag!



lampi 19.800 nú **16.830** - h. 29 sm.



glerborð 90 x 180 +2x 52 sm. stækkun verð 168.800 nú **126.600**  
glerborð 70 x 110 +2x 30 sm. stækkun verð 119.800 nú **89.850**

leðurstóll án arma verð 39.900 nú **29.925**  
leðurstóll m. örmum verð 42.900 nú **32.175**

**25%**  
af borði model: artops  
og stólum model:  
at-h6387



model htl Scandic - leður svart  
3ja: 215x95 sm, 2ja: 155x95 sm, stóll 90x95 sm  
3+1+1 verð 568.000 nú **426.000**  
3+2 verð 498.000 nú **373.500**



lampi 9.800 nú **8.330**  
hvítar og stál fætur  
h. 42,5 sm.



lampi 42.700 nú **36.295**

h. 56 sm. litir: hvítt, svart, brúnt og silfur



model 806 - leður svart og hvítt  
3ja sæta: b. 215 x d. 100 x h. 70 sm.  
2ja sæta: b. 177 x d. 100 x h. 70 sm.

3+1+1 verð 839.800 nú **587.860**  
3+2 verð 658.800 nú **461.160**  
3ja sæta verð 398.000 nú **278.600**

**30%**  
af sófa  
model: 908

**Mikið úrval af húsgögnum og gjafavörum**

**Opið í dag, sunnudag kl. 13-16.**

Opið virka daga 10-18, lau. 11-16, sun. 13-16.  
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is)

HEIMA mood  
HÚSIÐ heima  
Öndregi



# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



**Gesthús Dúna**  
Tveggja manna herbergi  
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm  
í svefnpokaplássi  
kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík  
Pantani: 588-2100 / duna@islandia.is



**BAKPANKAR**  
Þorbjargar  
Sigríðar  
Gunnlaugsdóttur

## Frændur góðir


Ég hef lagt mig fram um að fylgjast ekki of vel með fréttum undanfarið. Það tekur tíma að átta sig á atvinnuleysi og öðrum fylgifyskum efnahagsástandsins. Fréttatíminn er ekki lengur eftirsóknarverður. Ein falleg kreppufregn kom hins vegar við mig eins og marga Íslendinga og hún er auðvitað af láninu frá Færeyingum. Það blasir við að lánið er myndarlegt með tilliti til fjölda Færeyinga. Lán þeirra upp á meira en 6 milljarða jafngildir því að íslenska þjóðin hefði lánað annarri þjóð um 36 milljarða, sem mér skilst að sé fjárhæð sem dugar til að reka Landspítalann í heilt ár.

**SAMT** held ég að það sé ekki bara upphæðin sjálf sem okkur finnst svo dæmalaust myndarlegur gjörningur. Miklu frekar er það sú staðreynd að þessi fámenna þjóð skuli fyrst af öllum þjóðast til að lána okkur. Þjóðir heims hafa nefnilega ekki beinlínis verið í kapphlaupi við að koma okkur til hjálpar. Færeyingar birtast hins vegar óumbeðnar og þjóða fram aðstoð. Þegar á reynir virðist segin saga að Færeyingar koma til hjálpar, síðast með þjóðarsöfnun eftir snjóflóðin.

**VIÐ** höldum því gjarnan fram að á milli okkar og Dana sé sérstakur strengur. Menn líta jafnvel á Danann sem bróður. Stóri bróðir reynist ágætur yfir bjór. Snobbið er minna fyrir Svíunum og við höfum aldrei lítið á þá sem hluta af kjarna-fjölskyldunni. Þeir hafa ekki talist innan „circle of trust“. Norðmennirnir eru duglegir að hringja og kanna stöðuna, en símtöl er auðvitað ekki það sem vantar. Við höfum ekki heldur mikið af fjarskyldum Finnum að segja. Skyldleikinn blasir þó við þá sjaldan sem við hittum þá, þó þeir séu óskiljanlegir. Þess vegna er bara ágætt að þeir tala lítið.

**EFTIR** standa svo Færeyingar, vinalegir og sjarmerandi með heillandi tungu. Við skiljum þá ólíkt betur en aðra fjölskyldumeðlimi sem við látumst þó skilja á fundum. Færeyyskar fréttir greina frá 10 prosents minking í bruttotjóðarúrþökunni og stórra atvinnuleysi en vanligt, eru útlitini sum Íslendingar hava fyrri 2009. Til hughreystingar er vitnað í Geir Haarde forsætisráðharri sem segir að grundstöðið er gott.

**TILFINNINGIN** hefur verið sú að við séum ein með okkar vanda, en góðir frændur í Færeyjum hafa breytt þeirri tilfinningu. Þó ekki fari mikið fyrir minnsta frændanum í fjölskyldunni er hann alltaf fremstur í flokki þegar á reynir.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er sunnudagurinn  
2. nóvember, 307. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.15	13.11	17.06
Akureyri	9.10	12.55	16.41

Heimild: Almanak Háskólans

## Við erum hagkvæm - þú getur bókað það

Við erum leiðandi í framboði ódýrra fargjalda. Frábært verð, þægindi og góð þjónusta eru órjúfanleg heild hjá Iceland Express. Bókaðu ferðina þína á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

» Verð frá:

**12.490 kr.**

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar til og frá London, Kaupmannahöfn og Berlín.

**Iceland Express**   
með ánægju



[www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)